




ÁRSSKÝRSLA **2012**

ÁRSSKÝRSLA 2012



EFNISYFIRLIT

Stjórn	bls. 6
Skipurit	bls. 6
Formáli rektors	bls. 8
Nemendafjöldi	bls. 10
Starfsmenn	bls. 11
Góðvinir Háskólans á Akureyri	bls. 13
Heilbrigðisvísindasvið	bls. 14
Hug- og félagsvísindasvið	bls. 18
Miðstöð skólaþróunar	bls. 24
Viðskipta- og raunvísindasvið	bls. 26
Markaðs- og kynningarsvið	bls. 32
Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið	bls. 33
Nemendur og deildir	bls. 34
Kennslusvið	bls. 37
Fjarnám	bls. 38
Rannsóknna- og þróunarmiðstöð HA - RHA	bls. 40
Upplýsingasvið	bls. 42
Félag stúdenta við HA - FSHA	bls. 43
Félagsstofnun stúdenta - FÉSTA	bls. 45
Símenntun HA	bls. 46
Sjávarútvegsmiðstöðin við HA - SHA	bls. 47
Rannsóknamiðstöð ferðamála - RMF	bls. 48
Samningar	bls. 50
Styrkir	bls. 52
Eitt og annað	bls. 54
Ársreikningur	bls. 70
Brautskráning	bls. 72
Brautskráningarræða rektors	bls. 74
Brautskráðir - mynd	bls. 78
Brautskráðir - listi	bls. 80
Lokaverkefni	bls. 82



STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor og er háskólaráð æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð hélt 12 formlega fundi árið 2012.

Háskólafundur er haldinn a.m.k. einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar nemenda, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafundi. Haldinn var einn háskólafundur á árinu.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð, uppgjör og tekna ákvarðanir um samstarfssamninga, rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskólaskrifstofu. Stjórnin er skipuð rektor, forsetum fræðasviða og framkvæmdastjóra.

Við háskólann starfar gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Sæti í gæðaráði eiga rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður kennslusviðs, tveir fulltrúar starfsmanna háskólans og tveir fulltrúar frá nemendum.

Háskólaráð er skipað skv. lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 með síðari breytingum. Eftirtaldir fulltrúar skipuðu háskólaráð árið 2012:

Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, fulltrúi menntamálaráðherra

Birna María Svanbjörnsdóttir forstöðumaður, fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson prófessor, fulltrúi háskólasamfélagsins

Páll Skúlason prófessor, fulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri, fulltrúi háskólaráðs

Sveinn Arnarsson nemi, fulltrúi Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri – FSHA

Til vara:

Hallur Gunnarsson tölvunarfræðingur, fulltrúi menntamálaráðherra

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins

Hermann Óskarsson dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins

Jóna Jónsdóttir starfsmannastjóri, fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir nemi, fulltrúi FSHA.

Nýtt háskólaráð var skipað í árslok og kom það í fyrsta sinn saman fullskipað 25. janúar 2013.

Rektor:

Stefán B. Sigurðsson prófessor.

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Halldórsson.

Gæðastjóri:

Sigrún Magnúsdóttir.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða.

Háskólinn skiptist í þrjú fræðasvið skv. 7. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 með síðari breytingum.

Heilbrigðisvísindasvið:

Árún Kr. Sigurðardóttir var forseti heilbrigðisvísindasviðs, fyrst ráðin í stöðuna árið 2009 til tveggja ára. Staðgengill forseta var Hafdís Skúladóttir lektor.

**Hug- og félagsvísindasvið:**

Sigurður Kristinsson var forseti hug- og félagsvísindasviðs, fyrst ráðinn í stöðuna árið 2008 til þriggja ára. Staðgengill forseta var Elín Díanna Gunnarsdóttir dósent.

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Hans Kr. Guðmundsson var forseti viðskipta- og raunvísindasviðs á fyrri hluta árs. Staðgengill forseta var Ögmundur Knútsson. Ráðningartími Hans Kristjáns rann út og var staðan auglýst.

Ögmundur Knútsson var ráðinn forseti sviðsins frá 1. júlí 2012. Staðgengill Ögmundar var Hreiðar Þór Valtýsson.

Fjármála-starfsmanna- og rekstrarsvið:

Úlfar Hauksson.

Kennslusvið:

Steinunn Aðalbjarnardóttir.

Markaðs- og kynningarsvið:

Dagmar Ýr Stefánsdóttir.

Rannsóknna- og þróunarmiðstöð HA – RHA:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir var í orlofi frá ársbyrjun til 10. maí og í launalausni leyfi til ársloka 2012. Hjalti Jóhannesson var starfandi forstöðumaður RHA.

Upplýsingasvið:

Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Reglur og stefnumál samþykkt af háskólaráði 2012

Endurskoðaðar reglur um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs nr. 416/2012

Reglur um rannsóknamisseri við HA nr. 355/2012

Stefna Háskólans á Akureyri 2012-2017

Samgöngustefna HA

Stefnumótun um jafnt aðgengi að námi og störfum við HA

Umhverfisstefna HA

Reglur um veitingu doktorsnafnbótar í heiðurskyni við HA

Samningur milli HA og mennta- og menningarmálaráðuneytis 2012-2016

Reglur um framgang akademískra starfsmanna við HA nr. 747/2012

Reglur um leyfi til framhaldsnáms



STEFÁN B. SIGURÐSSON

FORMÁLI REKTORS

Í ársskýrslu HA fyrir 2012 er eins og í fyrri skýrslum gerð grein fyrir starfsemi og þróun háskólans á ýmsum sviðum á árinu.

Afmælisárið

Háskólinn á Akureyri varð 25 ára á árinu. Haldið var upp á það á fjölbreyttan máta með dagskrá sem náði yfir allt árið. Allar starfseiningar háskólans, fræðasviðin þrjú, háskólaskrifstofa sem og Félag stúdenta við HA – FSHA, tóku að sér að standa fyrir viðburðum mánuð fyrir mánuð. Frásögn af afmælishaldinu í máli og myndum er að finna aftar í ársskýrslunni. Af hápunktum afmælisársins má nefna veglega hátíð sem haldin var í glæsilegum húsakynnum háskólans sunnudaginn 2. september. Einnig útkomu ritsins *Háskólinn á Akureyri 1987-2012, afmælisrit, í ritstjórn Braga Guðmundssonar prófessors, sem*

„Af hápunktum afmælisársins má nefna veglega hátíð sem haldin var í glæsilegum húsakynnum háskólans sunnudaginn 2. september. Einnig útkomu ritsins Háskólinn á Akureyri 1987-2012, afmælisrit, í ritstjórn Braga Guðmundssonar prófessors, sem kom út 1. desember. Það rit er mikilvæg söguheimild um vöxt og uppbyggingu skólans.“

kam út 1. desember. Það rit er mikilvæg söguheimild um vöxt og uppbyggingu skólans.

Skipulagningu afmælisársins annaðist sérstök afmælisnefnd en hana skipuðu þau Þorsteinn Gunnarson fyrrverandi rektor, formaður nefndarinnar, Ágúst Þór Árnason aðjúnkt, Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri, Dagmar Ýr Stefánsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, Hermann Óskars-son dósent og Kristín Baldvinsdóttir nemi.

Afmælisnefnd, ritnefnd, öllu starfsfólki og nemendum háskólans er hér með þakkað fyrir glæsilegt afmælisár.

Viðurkenningar

Nokkrar mismunandi viðurkenningar komu í hlut háskólans á árinu 2012, beint eða óbeint. Byggingarlistaverðlaun Akureyrar voru veitt Glámu/Kím arkitektum fyrir fjórða áfanga viðbyggingar við HA sem þykir afar vel heppnuð bygging. Heimasíða háskólans var tilnefnd einn af fimm bestu vefjum íslenskra ríkisstofnana að undangenginni opinberri úttekt.

Þá hlaut háskólinn svokallaða Diploma Supplement viðurkenningu (DS Label), en það er vottun þess að skírteinisviðaukar með prófskírteinum stúdenta við brautskráningu eru samkvæmt fyrimælum Evrópusambandsins. Í því felst trygging fyrir því að nám við HA er metið á alþjóðavettvangi, hjá menntastofnunum og á vinnumarkaði.

Gæðamál

Gæðamál háskólans voru ofarlega á baugi. Skólinn er virkur þátttakandi í Gæðaráði háskólanna og fimm ára skipulagt úttektarferli samkvæmt *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education* var sett af stað. Var viðskiptadeildin fyrst deilda til að fara í innri úttekt. Gæðastjóri skipulagði ráðstefnu Bologna-sérfræðinga í HA í maí. Tókst hún mjög vel og sýndi hve mikla áherslu skólinn leggur á gæðamálin. Félag stúdenta við HA – FSHA stóð fyrir ráðstefnu stúdentahreyfinganna á Íslandi um gæðamál íslenskra háskóla sem var haldin hér í október. Tókst hún einnig mjög vel og er merki um það

hve vel stjórnendum FSHA hefur tekist að efla gæðavitund stúdenta.

Ugla, upplýsingakerfi

Innleiðing Uglunnar, sameiginlegs upplýsingakerfis opinberu háskólanna, hófst fyrir alvöru á vormánuðum 2012 eftir töluverða undirbúningsvinnu. Gögn voru flutt milli kerfa, úr Stefaníu í Uglu, í lok júní, og þá formlega hætt notkun Stefaníu sem hafði þjónað HA vel og dyggilega um langt skeið. Yfir-



færslan hefur gengið mun hægar og stíðar en búist var við. Starfsmenn HA hafa lagt á sig mikið erfiði til að fá alla hluti til að ganga upp en of margir hnökrar hafa komið upp. Starfsmenn hafa því orðið að leysa mál tímabundið með því að grípa til hliðarráðstafana. Í samstarfi við Reiknistofnun Háskóla Íslands er unnið að því að sníða af stærstu agnúa. Erfiðleikarnir hafa einkum tengst þeim þáttum þar sem Stefanían var betur þróuð en Uglan og hefur gengið hægt að forrita þá þætti inn í Ugluna. Við stefnum þó að því að fá Ugluna þannig útfærða að hún fullnægi þörfum HA.

Samningur milli HA og mennta- og menningar- málaráðuneytis

Þann 4. júlí var undirritaður nýr samningur um kennslu og rannsóknir fyrir árin 2012–2016 milli HA og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Fylgir honum viðauki þar sem tilgreind eru helstu verkefni háskólans og stefna hans.

Norðurslóðamáli

Töluverður uppgangur var í málum sem tengjast norðurslóðum. Fjölmargir aðilar heimsóttu háskólann í því samhengi. Til dæmis var skrifað undir viljayfirlýsingu um samstarf í þeim málum milli HA og Pierre et Marie Curie háskólans. Aðilar frá kínversku heimskautarannsóknastofnuninni komu í heimsókn á ísbrjótnum Snædrekanum. Þessi stofnun stefnir að því að byggja upp rannsóknamiðstöð um norðurljós á Kárhóli í Reykjadal og mun HA verða í vísindalegu samstarfi um það. Auglýst var staða gestaprófessors í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri sem kostuð er af norska utanríkisráðuneytinu og er kostnaðurinn um 60 milljónir á næstu þrem árum. Staðan er kennd við norska landkönnuðinn Fridthjof Nansen. Franski heimskautasérfræðingurinn Marie-Noëlle Houssais frá UPMC (Paris Sorbonne Universités) kynnti franska rannsókn á Norður-Íshafinu og loftslagsbreytingum þar. Með henni var Michael Rocard fyrrum forsætisráðgjafi Frakka. Unnið var að undirbúningi að stofnun Norðurslóðanets Íslands sem

er fjármagnað af 20/20 sóknaráætlun Íslands og hafa fengist um 70 milljónir á næstu þrem árum til þeirrar starfsemi.

Fjármál

Árið 2012 var fjórða árið í röð sem háskólinn þurfti að mæta niðurskurði á opinberu framlagi. Það tókst að bregðast við þessum erfiðu aðstæðum og er fjárhagsleg staða háskólans nú á uppleið. Þakka ég hér með fjármálastjóra og framkvæmdastjóra HA fyrir vel unnin verk og starfsmönnum fyrir að gera þetta kleift.

Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna


Samstarfsnet opinberra háskóla var vel virkt á árinu. Til dæmis var samningur um samnýtingu kennsluskyldu kennara, sem taka að sér kennslu við fleiri en einn skóla, undirritaður í október. Menntamálaráðgjafi ákvað að lögfasta samstarfsnetið og var það gert með breytingum á lögum um opinbera háskóla.

Ég vil þakka Guðrúnu M. Kristinsdóttur, ritstjóra ársskýrslunnar, og öllum þeim sem lögðu til efni í skýrsluna eða aðstoðuðu við gerð hennar með öðrum hætti.


NEMENDAFJÖLDI

Alls voru 1.590 nemendur skráðir til náms á haustmisseri 2012. Í staðarnám voru skráðir 668 nemendur, 722 í fjarnám og 200 skráðir í lotunám. Konur voru í miklum meirihluta eins og verið hefur eða 1.199 og karlar voru 391. Alls var 93 umsækjendum sýnjað um skólavist.

Heildarfjöldi nemenda



Nemendur haustmisseri 2012





STARFSMENN

Á árinu hlutu eftirtaldir starfsmenn framgang

Brynhildur Þórarinsdóttir dósent við hug- og félagsvísindasvið

Finnur Friðriksson dósent við hug- og félagsvísindasvið

María Steingrimsdóttir dósent við hug- og félagsvísindasvið

Anna Ólafsdóttir dósent við hug- og félagsvísindasvið

Guðmundur Kr. Óskarsson dósent við viðskipta- og raunvísindasvið

Páll Björnsson prófessor við hug- og félagsvísindasvið

Stefán B. Gunnlaugsson dósent við viðskipta- og raunvísindasvið

Ragnheiður Harpa Arnardóttir dósent við hug- og félagsvísindasvið

Eygló Björnsdóttir dósent við hug- og félagsvísindasvið

Oddur Vilhelmsson prófessor við viðskipta- og raunvísindasvið

Sigurður Kristinsson prófessor við hug- og félagsvísindasvið

Fastir starfsmenn	Karlar	Konur	Alls
Prófessorar	21	5	26
Dósentar	13	16	29
Lektorar	11	24	35
Aðjúnktar	6	12	18
Sérfræðingar	11	19	30
Skrifstofufólk	7	24	31
Aðrir	4	5	9
Samtals	73	105	178





GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Góðvinir eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans. Markmið samtakanna eru að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu háskólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir m.a. með því að heiðra nemendur við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og styðja við háskólann með gjöfum.

Það sem hæst bar í starfsemi félagsins á árinu 2012 var að Góðvinir gáfu háskólanum veglega gjöf í tilefni af 25 ára afmæli skólans. Um er að ræða nýjar brautskráningarskikkjur sem voru hannaðar og saumaðar hérlendis. Þá tók félagið þátt í að halda veislu eftir brautskráningu kandiata í júní en þangað var afmælisárgöngum boðið. Þátttakan var góð, bæði meðal afmælisárganga og nýbrautskráðra stúdenta.

Góðvinir heiðra árlega við brautskráningu einn nemanda frá hverju sviði. Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hannar og smíðar sérstaklega fyrir Góðvini. Eftir tilnefningar frá fræðasviðum og markaðs- og kynningarstjóra vorið 2012 voru valdir eftirtaldir einstaklingar

sem unnu óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám:

Heilbrigðisvísindasvið: María Einarsdóttir

Hug- og félagsvísindasvið: Kolbrún Eva Ríkharðsdóttir

Viðskipta- og raunvísindasvið: Valdemar Pálsson

Aðalfundur fyrir árið 2011 var haldinn 29. júní 2012 og þá var kjörin ný stjórn fyrir Góðvini. Hana skipa:

Eva Björk Heiðarsdóttir - formaður

Eyrún Elva Marinósdóttir - varaformaður

Njáll Trausti Friðbertsson - meðstjórnandi

Agnes Eyfjörð - gjaldkeri og fulltrúi HA

Justyna Wróblewska - fulltrúi FSHA

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi HA, er starfsmaður Góðvina.

Ráðgert er að aðalfundur fyrir árið 2012 verði haldinn í maí 2013 í Háskólanum á Akureyri.




 GÓÐVINIR HÁSKÓLANS
 Á AKUREYRI

Frá verðlaunaveitingu Góðvina á brautskráningu. Frá vinstri Andrea S. Hjalmsdóttir, Valdemar Pálsson, María Einarsdóttir, Kolbrún Eva Ríkharðsdóttir, Stefán B. Sigurðsson rektor.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir: Hjúkrunarfræðideild, iðjubjálfunarfræðideild og framhaldsnámsdeild. Innan heilbrigðisvísindasviðs er einnig Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA, sem starfar í tengslum við Sjúkrahúsið á Akureyri.

Hlutverk heilbrigðisvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í heilbrigðisvísindum, svo sem hjúkrunarfræði og iðjubjálfunarfræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda.

Vorið 2012 brautskráðust alls 72 nemendur frá heilbrigðisvísindasviði, þar af 39 með B.S. próf í hjúkrunarfræði og 20 með B.S. próf í iðjubjálfunarfræði. Úr framhaldsnámi í heil-

„Eingöngu er hægt að nema iðjubjálfunarfræði hér á landi við Háskólann á Akureyri, sem staðarnám frá 1997 og sem fjarnám frá haustinu 2008. Fjarnemar stunda nám í sinni heimabyggð og dreifast því um allt land en koma í námslotur til Akureyrar á hverju misseri. Fjarkennsluhættir eru í stöðugri þróun í samvinnu kennara, nemenda og tæknifólks HA. Stærsti hluti kennslunnar fer fram yfir internetið.“

brigðisvísindum brautskráðust sjö með 120 ECTS eininga meistaragráðu, sex með 40 ECTS eininga viðbótarpróf á meistarastigi.

Á haustmiseri 2012 voru samtals 437 nemendur við nám á heilbrigðisvísindasviði. Nám í hjúkrunarfræði stunduðu 240 nemendur en af þeim var 131 nemandi í fjarnámi. Í iðjubjálfunarfræði voru 103 nemendur, þar af 62 í fjarnámi. Í framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum voru 47 nemendur, 22 í viðbótarnámi á meistarastigi og 25 í meistaranámi.

Fastir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs eru 30, þar af eru tveir ráðnir til Heilbrigðisvísindastofnunar HA. Auk fastra starfsmanna koma tugir stundakennara að kennslu á fræðasviðinu. Allir fastir starfsmenn eiga sæti á deildafundum

heilbrigðisvísindasviðs ásamt fulltrúum stundakennara og nemenda.

Ágætt samstarf er við háskóla á hinum Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar.

Stjórnskipulagi heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 610/2009.

Rannsóknir

Rannsóknarstarfsemi er öflug á heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru í rannsóknarsamstarfi við erlenda og innlenda fræðimenn. Alþjóðlega rannsóknarverkefnið *Eflandi fræðsla til liðskiptasjúklinga – mat og alþjóðlegur samanburður*, heldur áfram með vinnu úr gögnum og skrifum, en þátttakendur í því eru frá sjö löndum í Evrópu og notaðir eru tíu staðlaðir spurningalistar. Áfram er unnið að rannsóknum meðal fólks með lungnasjúkdóma, í samstarfi við Uppsalaháskóla, og að rannsókn um upplifun fólks af bráðþjónustu á geðdeildum, endurhæfingarþjónustu og starfsendurhæfingu fullorðinna. Sú rannsókn er gerð í samvinnu við félagasamtök og stofnanir hérlendis. Áfram er unnið að rannsókninni *Langvinnir verkir, notkun á heilbrigðisþjónustu og heilsutengd lífsgæði*, en þar eru viðamiklar upplýsingar um líðan 1.586 einstaklinga, aðgengi þeirra að og samskipti við heilbrigðisþjónustu. Unnið er að rannsóknum á starfslökum sjómanna, sem og að þróun spurningalista til að meta viðhorf eldra fólks á Íslandi til fæðubótarefna, notkun eldra fólks á þeim efnum og kostnað við það. Einnig er verið að vinna úr gögnum sem safnað var á landsvísi frá um 1.100 barnshafandi konum, en markmiðið er að kanna viðhorf og væntingar kvenna til sársauka og sársaukameðferðar í fæðingu. Í eru gangi þýðingar og aðlögun matstækja að íslenskum veruleika tengdum fræðum sviðsins. Rannsóknarverkefni í tengslum við mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga og á heilbrigðismálum Fjallabyggðar heldur áfram. Verkefnið tengist Héðinsfjarðargöngum. Þar eru könnuð viðhorf og reynsla íbúa af heilbrigðisþjónustu í sínum byggðarlögum fyrir og eftir opnun ganganna. Þá ber að nefna langtímarannsókn á aðstæðum og viðhorfum nemenda með hreyfihömlun, rannsóknir á þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra í samvinnu við Akureyrarbæ og Æfingastöðina, sjálfstæða heilbrigðisstofnun á Reykjavíkursvæðinu, sem og



rannsóknir á lífsgæðum barna og unglunga. Í lok árs 2012 kom út bókin *Félagsgæð Akureyrar 1785 til 2000, upphaf og þróun þéttbýlis, stéttaskiptingar, stjórn mála og atvinnulífs*. Höfundur bókarinnar er dr. Hermann Óskarsson, dósent við heilbrigðisvísindasvið HA. Í bókinni eru nokkrar helstu ritgerðir höfundar um nútímavæðingu á Íslandi með Akureyri sem rannsóknar-dæmi.

Kennarar fræðasviðsins tóku virkan þátt í vísindaráðstefnum heima og erlendis.

Málþing og ráðstefnur

Nokkur málþing og ráðstefnur voru haldin á vegum fræðasviðsins á árinu 2012. Má þar nefna málþing og hátíðarfyrirlestur um fræðslu til sjúklinga, í tilefni af 25 ára afmæli háskólans. Þar hélt finnskur fræðimaður aðalfyrirlesturinn. Eigindlegt samræðuþing eða málþing um eigindlegar rannsóknir var haldið í nóvember. Málþingin tókust afar vel og voru vel sótt. Málstofur heilbrigðisvísindasviðs hafa verið haldnar einu sinni í mánuði allt skólaárið og hefur aðsókn verið góð.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

HJÚKRUNARFRÆÐI

Nám í hjúkrunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli.

Beita þurfti fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði haustið 2012 en 104 nemendur hófu þá nám. Fimm tíu nemendur mega halda áfram námi á vörmisseri fyrsta árs. Klínískt nám hefst strax á fyrsta námsári. Fer það fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

Hjúkrunarfræðideild hefur sett fram stefnu um að með hverjum árgangi í staðarnámi í hjúkrunarfræði fylgi hópur fjar-nemenda. Miðað er við að a.m.k. tíu nemendur hefji fjarnámið hverju sinni. Haustið 2012 voru 47 nemendur á fjórða námsári, þar af 30 fjar-nemendur í Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum. Nemendur á þriðja ári voru 53, þar af 28 fjar-nemendur á Akranesi. Á öðru námsári voru 49 nemendur, þar af 22 fjar-nemendur á Selfossi. Fyrsta árs nemar voru 104 talsins en þar af stunduðu 63 nám á Ísafirði og í Reykjanesbæ. Hjúkrunarfræðideild býður hjúkrunarfræðingum með próf úr Hjúkrunarskóla Íslands að ljúka B.S. námi við deildina en um þessar mundir er enginn nemandi sem notfærir sér það.

Sex erlendir skiptinemar frá Danmörku, Svíþjóð og Noregi stunduðu klínískt nám á Íslandi á vegum hjúkrunarfræðideildar árið 2012. Fimm nemendur fóru í skiptinám í klínísku námi til Svíþjóðar og Noregs. Skiptinám til North Park University í Chicago hafði legið niðri síðan vorið 2008, en haustið 2012 fóru tveir nemendur í heils misseris skiptinám þangað frá hjúkrunarfræðideild.

IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐI

Nám í iðjubjálfunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna margvíslegum störfum er tengjast iðjubjálfun á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu auk þess að veita góða undirstöðu í skipulagningu og stjórnun þjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir þátt-takendur í faglegri þróun og samstarfi bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Vettvangsnám í iðjubjálfun er 25 vikur og hefst í lok annars námsárs. Það fer fram undir handleiðslu iðjubjálfa víða um land. Fjöldatakmörkanir eru við deildina og miðast við 25 nemendur að loknu fyrsta misseri.

Eingöngu er hægt að nema iðjubjálfunarfræði hér á landi við Háskólann á Akureyri, sem staðarnám frá 1997 og sem fjarnám frá haustinu 2008. Fjarnemar stunda nám í sinni heimabyggð og dreifast því um allt land en koma í námslotur til Akureyrar á hverju misseri. Fjarkennsluhættir eru í stöðugri þróun í samvinnu kennara, nemenda og tæknifólks HA. Stærsti hluti kennslunnar fer fram yfir internetið.

Árið 2012 fór enginn nemandi iðjubjálfunarfræðideildarinnar í skiptinám út fyrir landsteinana en fjórir nemendur komu í skiptinám til Íslands, tveir frá Svíþjóð og tveir frá Finnlandi.

Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum

Haustið 2003 hófst 120 ECTS eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisvísindasvið. Námið byggir á þverfaglegum grunni. Það er byggt upp af 60 ECTS einingum í námskeiðum og meistarařitgerð sem er 60 ECTS einingar að jafnaði. Þrjú námskeið, samtals 30 einingar, eru skyldunámskeið, en hinar 30 einingarnar eru valnámskeið, þar af skal nemandi að öllu jöfnu taka tvö námskeið innan heilbrigðisvísindasviðs. Námið veitir prófgráðuna M.S. í heilbrigðisvísindum. Einnig er hægt að ljúka 40 eininga viðbótarprófi á meistarařtigi sem veitir Dipl. S. í heilbrigðisvísindum.

Flestir framhaldsnemar velja sér almennt svið innan framhaldsnámsins og þróa þá sérsvið sitt sjálfir með aðstoð ráðgjafa út frá áhugasviði sínu. Í meistaranáminu er lögð áhersla á að nemar velji sér námskeið sem undirbyggja sem best meistarařverkefni þeirra.

Sérsvið sem eru í boði: Öldrun og heilbrigði, Stjórnun innan heilbrigðisþjónustunnar, Langvinn veikindi, Krabbamein og líknandi meðferð og Fötlun og samfélag.



Leiðarljós í skipulagi meistaranámsins í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni og vellíðan. Þetta leiðarstef hefur gefið tilefni til áhugaverðra rannsóknarverkefna í tengslum við meistaranámið.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA

Hlutverk Heilbrigðisvísindastofnunar er að vera sameiginlegur vettvangur starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, miðlunar þekkingar og kynningar á rannsóknum starfsmanna. Á árinu störfuðu mest fjórir starfsmenn við stofnun-

ina, allir í hlutastörfum. Auk stöðu forstöðumanns er ein staða prófessors, ein staða dósentis og ein lektorsstaða. Starfsmaður í lektorsstöðu sagði stöðu sinni lausri á árinu. Starfsmenn komu að kennslu við heilbrigðisdeild HA á sínum sérsviðum.

Megináhersla var lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna sjúkrahússins og tengja verkefni nemenda HA við þarfir þess. Í maí var haldin vísindadagur heilbrigðisvísindasviðs og Sjúkrahússins á Akureyri þar sem starfsmenn kynntu rannsóknir sínar.



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í félagsvísindadeild, kennaradeild, lagadeild og miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, en hún starfar í gagnvirkum tengslum við kennaradeild. Hlutverk hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði og menntavísindum.

Vorið 2012 brautskráðust 147 nemendur af hug- og félagsvísindasviði og er það 46% fækkun frá fyrra ári, sem skýrist af því að brautskráningarhópurinn vorið 2011 hafði verið óvenju stór vegna þeirra 127 kandidateita sem þá brautskráðust með kennslufræði til kennsluréttinda.

Frá félagsvísindadeild brautskráðust 44 kandidateitar, þar af voru 11 með B.A. próf í fjölmiðlafræði, tíu í nútímafræði, tveir í samfélags- og hagbróunarfræði, 15 í sálfræði, og sex í þjóð-

félagfræði. Frá kennaradeild brautskráðist 81 kandidateit, þar af 20 frá leikskólabraut, fimm frá grunnskólabraut og 22 í kennarafræði, 10 með kennslufræði til kennsluréttinda, átta með diplómu í menntunarfræðum og 16 með meistaragráðu í menntunarfræðum. Frá lagadeild voru brautskráðir 22 kandidateitar, þar af 11 með B.A. próf í lögfræði, níu með M.L. gráðu í lögfræði og tveir með diplómu í heimskautarétti.

Á haustmisseri 2012 voru 674 nemendur skráðir til náms á hug- og félagsvísindasviði og er það 1% fjölgun frá fyrra ári. Í félagsvísindadeild voru skráðir 327 nemendur, (22% fjölgun) þar af 25 í félagsvísindum, 53 í fjölmiðlafræði, 33 í nútímafræði, þrjár í samfélags- og hagbróunarfræði, 197 í sálfræði, einn í þjóðfélagsfræði, einn í rannsóknartengdu meistaránámi í félagsvísindum og 14 utan brauta. Í kennaradeild voru 252 nemendur (13% fækkun) þar af 106 í B.Ed. námi, 18 í kennslufræði til kennsluréttinda, 41 í M.Ed. námi samkvæmt nýju



Erlendir skiptinemenndur við Háskólann á Akureyri. Árið 2012 voru erlendir skiptinemar 78 talsins. En 29 nemendur frá HA stunduðu skiptinám erlendis.



námsskipulagi fimm ára kennaranáms og 87 í öðru diplóma- og meistaranámi. Í lagadeild voru 95 nemendur (13% fækkun) þar af 54 í B.A. námi í lögfræði, 26 í M.L. námi, sjö í námi í heimskautarétti og átta utan brauta.

Fastir starfsmenn hug- og félagsvísindasviðs voru 60 haustið 2012, þar af 16 í félagsvísindadeild, 28 í kennaradeild, sjö í lagadeild og átta á miðstöð skólaþróunar. Auk fastra starfsmanna kom að starfi sviðsins fjöldi stundakennara að viðbættum leik- og grunnskólakennurum víðs vegar um land sem tóku að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Fjölbreyttar rannsóknir voru stundaðar á hug- og félagsvísindasviði og áttu kennarar og sérfræðingar í samstarfi við fjölmarga aðila innanlands og erlendis. Rannsóknir kennara og sérfræðinga birtust í íslenskum og alþjóðlegum ritryndum vísindatímaritum, bókum og bókarköflum, auk ótal fyrirlestra og erinda á ráðstefnum, námstefnum og námskeiðum innanlands sem utan. Helstu rannsóknarsvið hverrar deildar eru tíunduð í umfjöllun um hverja þeirra hér á eftir.

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við Háskólann á Akureyri á árinu, enda kennt á ensku í allmörgum námskeiðum í félagsvísindadeild og lagadeild, þar með talið heilli námsbraut í heimskautarétti, auk þess sem á sviðinu voru vistuð sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema. Einnig voru nemendur úr öllum deildum sviðsins skiptinemar við erlenda háskóla og Háskóla Íslands.

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Starfsemi félagsvísindadeildar á árinu 2012 markaðist nokkuð af þeirri fjölgun nemenda sem varð við deildina í kjölfar þess að boðið var fjarnám (sveigjanlegt nám) í öllum námsgreinum deildarinnar. Sú nýbreytni hefur hlotið góðan hljómgrunn og fjölgaði skráðum nemendum í deildinni um 65% á skólaárinu 2011-12 í samanburði við skólaárið þar á undan og aftur um 22% á skólaárinu 2012-2013. Þetta hefur óhjákvæmilega haft í för með sér meira vinnuálag fyrir fasta starfsmenn deildarinnar.

Eins og áður er í félagsvísindadeild boðið upp á þriggja ára B.A. nám í fjölmiðlafræði, nútímafræði, sálfræði og í félagsvísindum. Námið felur í sér fjölbjódlegar tengingar og almennt er

lögð áhersla á verkefnavinnu í námi nemenda. Eins og áður var í boði rannsóknartengt meistaranám þar sem nemendur gátu tekið M.A. gráðu sem tengdist sérsviði tiltekins kennara deildarinnar samkvæmt sérstöku skipulagi. Þetta er annað árið sem boðið var upp á B.A. gráðu í félagsvísindum (sjá hér

Páll Björnsson dósent (nú prófessor) við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir árið 2011 í flokki fræðibóka og rita almenns efnis, fyrir bók sína Jón forseti allur? Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar. Sögufélagið gaf bókina út.

að neðan) en sú námslína er í raun arftaki námsframboðs í þjóðfélagsfræði annars vegar og samfélags- og hagþróunarfræði hins vegar. Gömlu námslínurnar tvær voru kenndar áfram þannig að þeir sem hafið höfðu nám í samfélags- og hagþróunarfræði eða þjóðfélagsfræði ljúka því samkvæmt námskrá.

Bæði fjarnámið og hið nýja námsframboð í félagsvísindum hafa fengið góðar viðtökur og leitt af sér umtalsvert samstarf við aðra ríkisháskóla og svarað vaxandi kröfum um meiri fjölbreytileika í námsframboði.

Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni eru fastur þáttur í starfi félagsvísindadeildar. Félagsvísindadeild og einstakir kennarar tóku virkan þátt í slíkum viðburðum á árinu, bæði sem fyrirlesarar á viðburðum við Háskólann á Akureyri sem og annars staðar.

Rannsóknarvirkni kennara á félagsvísindasviði hefur vaxið undanfarin ár, þrátt fyrir fjölgun nemenda. Rannsóknarsvið kennara í félagsvísindadeild spanna allar kennslugreinar deildarinnar og hafa í vaxandi mæli falið í sér samstarf við erlenda fræðimenn og rannsóknarstofnanir.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn á Íslandi sem býður nám í fjölmiðlafræði til B.A. prófs. Fjölmiðlafræðinámið tekur mið af þeirri þróun sem hefur orðið á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum þar sem reynt er að samþætta faglega þekkingu sem kennd hefur verið í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd hefur verið í hefðbundnu háskólánámi. Slík samtvinnun er talin eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera nemendur hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi. Nemendur taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum og áberandi er hve margir útskriftarnemar hafa fengið störf á fjölmiðlum eða í fjölmiðlatengdum störfum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfagleg grein á sviði hugvísinda og er Háskólinn á Akureyri eini íslenski háskólinn sem býður nám í þessari grein. Námið er þverfaglegt vegna þess að fjallað er um nútímann, þ.e. lífshætti og viðhorf síðustu tveggja alda, frá mörgum hliðum, svo sem frá sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og ýmissa greina félagsvísinda. Nútímafræði er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér viðtækrar menntunar í hugvísindum og hún er jafnframt góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

Sálfræði

Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinámið við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigreini. Í náminu er meðal annars lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknaraðferðir. B.A. próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið hennar. Það auðveldar þeim val á áhugasviði sem þeir geta síðan lagt stund á í framhaldsnámi.

Félagsvísindi

B.A. nám í félagsvísindum byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Námið byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði og veitir nemendum grunn í kenningum og aðferðafræði þeirra fræðigreina. Jafnframt eiga nemendur kost á sérhæfingu í byggðafræði, ferðamálafræði, kynjafræði, samfélags- og hagþróunarfræði og æskulýðsfræði. Nemendur öðlast innsýn í eðli mannlægs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Námið er sambærilegt við B.A. nám í einstökum undirgreinum félagsvísindanna við aðra innlenda og erlenda háskóla. Að námi loknu hafa nemendur traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

B.A. nám í félagsvísindum er hægt að stunda með eftirtöldum fyrirfram skilgreindum áherslugreinum:

- A) Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali.
- B) Byggðafræði með áherslu á byggðaþróun á Íslandi, fólksflutninga innan lands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, stjórnmál, stjórnsýsla og stefnumótun í byggðamálum.
- C) Ferðamálafræði með áherslu á samfélagsrými og skilning á samtímamenningu í samhengi við markaðssetningu og stjórnun í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum Íslands og sambærilegum jaðarsvæðum við Norður – Atlantshaf.
- D) Kynjafræði með áherslu á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglunga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu.
- E) Norðurslóðafræði með áherslu á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurslóðum í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni.
- F) Æskulýðsfræði með áherslu á unglíngamenningu, áhættu-hegðun, kynheilbrigði, íþróttar- og tómstundastarf, framtíðar-



áform og tengsl milli kynslóða í samhengi við sérstöðu Íslands og almenna þjóðfélagsþróun á Vesturlöndum.

KENNADEILD

Skipulagsbreytingar voru gerðar á kennaradeild á árinu 2012. Þær fólust í því að kennarabraut var endurskilgreind og nær hún nú yfir allt nám til bæði B.Ed. og M.Ed. gráðu. Hins vegar var stofnuð menntavísindabraut sem tekur til alls náms til M.A. gráðu. Samhliða þessum breytingum var framhaldsbraut lögð niður.

Nokkrir kennarar kennaradeildar höfðu frumkvæði að stofnun Barnabókaseturs þann 4. febrúar 2012, rannsóknarseturs um barnabókmenntir og lestur barna, við Háskólann á Akureyri, sem efnt var til í samstarfi við Amtsbókasafnið og Minjasafnið á Akureyri auk fáeinna fleiri aðila. Þá varð hug- og félagsvísindasvið fyrir hönd kennaradeildar og miðstöðvar skólaþróunar á haustdögum aðili að Menntamiðju, samráðsvettvangi sem ætlað er að byggja brýr milli aðila innan skóla-samfélags og fagfólks í frístundastarfi með því að skapa vettvang til samstarfs um starfsþróun.

Starfsmenn kennaradeildar eiga í samstarfi um rannsóknir og ýmsa aðra þætti sem starfseminar varða við fjölmarga aðila bæði hér á landi og erlendis. Á árinu 2012 birtust rannsóknir þeirra í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum og bókarköflum og þeir héldu fjölmarga fyrirlestra og erindi á ráðstefnum, námstefnum og námskeiðum innanlands sem utan. Viðfangsefnið spanna vítt svið menntunar- og kennarafræða og tengjast skólalastarfi á margbreytilegan hátt. Þeirra á meðal má nefna skólaþróun, heimspeki menntunar, sérkennslufræði, lestrarfræði, skólastjórnun, sagnfræði, íslensk fræði, uppeldis- og kennslufræði, jafnrétti, sálfræði og upplýsingatækni í skólalastarfi.

Kennarabraut

Í júní 2012 brautskráðist fyrsti hópur nemenda í samfelldu fimm ára kennaranámi með B.Ed. gráðu. Að hausti hóf sami hópur seinni hluta námsins til meistarafráðu. Það var fjórða haustið í röð sem bættist við námsár með nýjum námskeiðum

„Í júní 2012 brautskráðist fyrsti hópur nemenda í samfelldu fimm ára kennaranámi með B.Ed. gráðu. Að hausti hóf sami hópur seinni hluta námsins til meistarafráðu. Það var fjórða haustið í röð sem bættist við námsár með nýjum námskeiðum samkvæmt nýju skipulagi deildarinnar. Meistaránámið er skipulagt sem sambland af staðbundnum lotum og fjarkennslu með myndfundum.“

samkvæmt nýju skipulagi deildarinnar. Meistaránámið er skipulagt sem sambland af staðbundnum lotum og fjarkennslu með myndfundum.

Kennaranemar eru bæði í staðarnámi og fjarnámi og á árinu 2012 var kennt til samtals níttján fjarkennslustaða auk þess sem namar komu í staðarlotur til Akureyrar. Nemendur á kennarabraut taka í auknum mæli hluta af námi sínu við aðra háskóla, innanlands og utan.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Menntavísindabraut

Í upphafi árs 2012 heyrði allt nám á meistarastigi í kennaradeild undir eina og sömu brautina, framhaldsbraut. Frá og með hausti 2012 var gerð breyting á framhaldsnámi kennaradeildar m.t.t. laga um menntun kennara í þá veru að framhaldsnám sem hluti af starfstengdu fimm ára námi til kennsluréttinda var fellt undir kennarabraut. Skilgreindar voru tvær prófgráður, M.Ed. próf á kennarabraut og M.A. próf á menntavísindabraut. Annað nám á meistarastigi var skilgreint sem nám í menntavísindum sem lyki með M.A. prófi og nafni framhaldsbrautar breytt í menntavísindabraut. Námið er ætlað kennurum og öðrum sem vilja mennta sig til starfa í menntakerfinu er krefjast framhaldsmenntunar og auka þekkingu sína á núverandi starfi, ásamt því að bæta við hæfni sína til að stunda frekara nám eða leggja stund á rannsóknir. Á vormisseri 2012 voru í boði eftirtalin áherslusvið: lestrarfræði, námskrár- og kennslufræði, sérkennslufræði, stjórnun og forysta auk almenns meistaranáms. Á haustmisseri var námskrár- og kennslufræði felld út sem áherslusvið en í staðinn boðið upp á opinbera stefnumótun, menntastefnu og þróun skóla.

Kennsla á menntavísindabraut fer fram í staðbundnum lotum þar sem nemendur koma og eru í skólanum nokkra daga í senn, þrisvar til fjórum sinnum á misseri.

LAGADEILD

Í lagadeild er boðið upp á þriggja ára B.A. nám í lögfræði, tveggja ára M.L. nám í lögfræði og alþjóðlegt meistaranám í heimskautarétti sem leiðir til LL.M. gráðu, M.A. gráðu eða diplómu. Nám í heimskautarétti fer alfarið fram á ensku en auk þess er B.A. námið alþjóðlegt að hluta og kennt bæði á íslensku og ensku.

Lögfræði til B.A. prófs

Meginmarkmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur læra að fjalla með gagnrýnum hætti um lög, lögfræði og tengd efni. Nám í lögfræði til B.A. prófs er um margt með öðru sniði en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Um er að ræða fjölbreytt fræðilegt nám þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu,

félagslegu og heimspekilegu samhengi. B.A. námið nýtist vel sem fræðileg undirstaða fyrir þá sem hyggja á nám til embættisprófs í lögfræði. Námið er einnig áhugaverður kostur í hug- og félagsvísindanámi fyrir þá sem ekki stefna að hefðbundnum lögfræðistörfum heldur hyggjast fremur tengja lögfræði við framhaldsnám í öðrum greinum, til dæmis í alþjóðasamskiptum, alþjóðastjórnámum og skyldum greinum.

Lögfræði til M.L. prófs

Nám í lögfræði til M.L. prófs er tveggja ára nám á meistarastigi. Sú prófgráða, í framhaldi af þriggja ára B.A. prófi í lögfræði, jafngildir hefðbundnu fimm ára embættisprófi í lögfræði (cand.jur.). Áherslan í náminu er á hagnýta íslenska lögfræði, jafnt á sviði opinbers réttar, einkamálaréttar, refsiréttar og réttarfars. Þannig verða nemendur mjög vel í stakk búnir til að takast á við hefðbundin störf lögfræðinga sem lögmenn, lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum, eða sem dómara.

Nám í heimskautarétti

Nám í heimskautarétti til LL.M. gráðu er eins og hálfis árs nám á meistarastigi fyrir nemendur sem þegar hafa lokið minnst þriggja ára laganámi. Nám í heimskautarétti til M.A. gráðu er tveggja ára nám á meistarastigi fyrir nemendur með margs konar bakkalárpróf. Í náminu er lögð áhersla á þau svið alþjóðalaga og landsréttar sem tengjast heimskautasvæðunum. Tekið er á viðfangsefnum umhverfislaga og fjölbreytni lífríkisins, mannréttinda, hafréttar, laga um sjálfbæra þróun og auðlindir, þar á meðal á álitamálum er varða fullveldi og deilur um markalínur á landi og sjó, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfstjórn og stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Allt er gert sem unnt er til að tryggja að um viðfangsefni allra námskeiða sé fjallað út frá sjónarmiðum kynjajafnréttis. Nám í heimskautarétti undirbýr nemendur fyrir störf hjá hinu opinbera sem og einkafyrirtækjum, hjá alþjóðasamtökum, hjá frjálsum félagasamtökum, hjá frumbyggjapjóðum á norðurskautssvæðinu og háskólum og rannsóknarstofnunum um allan heim. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir doktorsnám eða frekari rannsóknir á mállefnum heimskautanna.

Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um lögfræðileg efni eru fastur þáttur í starfi lagadeildar.



Af ráðstefnuhaldi á árinu 2012 ber hæst að haldin var í fimmta sinn árleg alþjóðleg ráðstefna um heimskautarétt *The Fifth Akureyri Polar Law Symposium*, 7. – 9. september. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í Rovaniemi í Finnlandi en undir merkjum og stjórn og Heimskautaréttarstofnunarinnar við Háskólann á Akureyri. Greinar sem byggjast á erindum sem flutt voru á ráðstefnunni birtast í Árbók heimskautaréttarinnar *The Yearbook of Polar Law* sem kemur út á vegum lagadeildar Háskólans á Akureyri hjá Brill Academic Publishers í Hollandi.

Lagadeild Háskólans á Akureyri tók þátt í sameiginlegu ráðstefnuhaldi lagadeildanna fjögurra við HA, HB, HÍ og HR um fyrirhugaða endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins. Deildin tók þátt í samstarfsverkefni lagadeildar HA og HÍ um gerð námsefnis í Moodle í Evrópurétti auk annarra verkefna sem unnið hefur verið að svo sem gerð ensk-íslenskrar orðabókar.

Kennarar deildarinnar birtu fjölmargar greinar í bókum og ritrýndum tímaritum bæði íslenskum og erlendum.

MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR



Miðstöð skólalárunar er starfrækt innan hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Markmið hennar er að stuðla að umbótum í almennu skólastarfi leik-, grunn- og framhaldsskóla og að vera farvegur þekkingar og þróunar út í hið daglega skólastarf.

Meginviðfangsefni miðstöðvarinnar lúta að ráðgjöf og fræðslu við hvers kyns nýjungar á sviði skóla- og kennslumála til starfandi kennara og skólalárunar auk þess að efla gott starf sem þegar er fyrir hendi. Innan miðstöðvarinnar hefur byggst upp margvísleg þekking, t.d. um námskráfræði, stjórnun og forystu, samskipti heimilis og skóla, læsi, lestrar- og ritunarkennslu, stærðfræðikennslu yngri barna, einstaklingsmiðaða kennsluhætti, teymiskennslu og fjölbreytta starfshætti í skólum, námsmat, fagmennsku kennara, starfendarannsóknir og sjálfsmat, bekkjarstjórnun og um einelti.

Í starfi miðstöðvar skólalárunar er lögð áhersla á fræðslu, samræðu, samvinnu og iðrun.

Unnið er eftir framkvæmda- og þróunaráætlunum þar sem gert er ráð fyrir eftirfylgd verkefna og mati á starfinu. Verkefni eru yfirleitt til lengri tíma, þ.e. eins eða tveggja vetra. Þau miðast við starfsmannahópa með það að markmiði að efla starfsemi skólanna í heild sinni og stuðla að viðvarandi breytingum og þróun. Höfðað er til skuldbindinga þátttakenda um eigin starfsþróun til að bæta skólastarf og auka nám nemenda.

Miðstöð skólalárunar hefur með höndum sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri skv. samningi þar um milli Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri. Að auki vinnur miðstöð skólalárunar að umbótastarfi með skólafólki víða um land.

Í apríl ár hvert stendur miðstöð skólalárunar fyrir ráðstefnu um skólalárun og koma fyrirlesarar sem gert hafa sig gildandi á fræðasviðinu víða að. Annað hvert ár heldur miðstöðin einnig haustráðstefnu auk þess sem hún hefur, í samstarfi við bókasafn HA og Amtsbókasafnið á Akureyri, staðið fyrir ýmiss konar viðburðum í tengslum við Dag læsis 8. september.

Helstu verkefni sem miðstöð skólalárunar vann að árið 2012 voru:

- **Læsiskenndi:**
 - Byrjendalæsi
 - Orð af orði
 - Læsi til náms – lesskilningsaðferðir og kenndi ritunarfágæti og furðuverk
- **Innleiðing nýrrar aðalnámskrár**
- **Byrjendastærðfræði**
- **Foreldrasamstarf og eineltismál**
- **Ráðgjöf og utanumhald um innra mat (sjálfsmat) í skólum**
- **Viðhorfskannanir og úttektir**
- **Stefnumótun, starfshættir/samvinna**
- **Námskeið og fræðslufundir fyrir skólalárunendur og kennara**
- **Seta í stýrihópum og þjónusta við skóladeild/skólalárunar á sviði skólalárunar**
- **Starfsþróunarmál sem tekur mið af skólalárunar Akureyrarbæjar:**
 - innleiðing nýrrar aðalnámskrár
 - fagmennska kennara/teymisvinna
 - starfs- og kennsluhættir
 - forystuhæfni
 - félagastuðningur/iðrun/samræða
 - bekkjarstjórnun

Árið 2012 stóð miðstöð skólalárunar fyrir tveimur ráðstefnum auk námstefnu um Byrjendalæsi. Vorráðstefnan 2012 var haldin þann 28. apríl og nefndist *Hugurinn ræður hálfum sigri, framþróun og fagmennska*. Námstefna um Byrjendalæsi var haldin 7. september í tengslum við ráðstefnuna *Lestur og læsi, að skilja heiminn og skapa merkingu* sem haldin var á degi læsis 8. september.

Starfsmenn miðstöðvar skólalárunar hafa annast kenndi í kennaradeild HA bæði sem umsjónarkennarar einstakra námskeiða og sem stundakennarar. Þeir hafa einnig sinnt leiðsögn með B.Ed. og meistaraþrófritgerðum. Jafnframt komu kennarar af hug- og félagsvísindasviði, einkum úr kennaradeild, til samstarfs um einstök verkefni á vegum miðstöðvarinnar.

Starfsmannafjöldi í ársbyrjun var 8 í samtals 5,01 stöðugildum og starfsmannafjöldi í árslok er einnig 8 en í 6,97 stöðugildum. Unnir ársverk voru 5,82.



VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, viðskiptadeild og auðlinda-deild.

Innan auðlinda-deildar var í boði B.S. nám í líftækni og sjávarútvegsfræði. Innan viðskiptadeildar voru tvær námslínur í boði til B.S. gráðu. Rannsóknartengt meistaranám var í boði hjá báðum deildum.

Vorið 2012 voru 65 nemendur brautskráðir frá viðskipta- og raunvísindasviði. Þar af voru þrír nemendur með B.S. gráðu í líftækni, tveir í sjávarútvegsfræði og þrír í umhverfis- og orkufræði. Í viðskiptafræði brautskráðust 37 með B.S. gráðu. Tveir luku meistaraþrófi í auðlindafræðum og fjórir luku meistaraþrófi í viðskiptafræði. Fjórtán luku meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Við upphaf skólaárs haustið 2012 voru 485 nemendur skráðir til náms við viðskipta- og raunvísindasvið. Fimm tíu nemendur stunduðu B.S. nám í líftækni, 43 nemendur voru í sjávarútvegsfræði og 304 í viðskiptafræði. Fimm nemendur stunduðu diplómanám í náttúru- og auðlindafræði. Auk þess stunduðu tólf nemendur meistaranám í viðskiptafræði, sex stunduðu meistaranám í auðlindafræðum og 45 nemendur stunduðu meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða. Tuttugu nemendur voru skráðir á öðru og þriðja ári í umhverfis- og orkufræði.

Á fræðasviðinu störfuðu á árinu 30 kennarar, þar með taldir þeir kennarar sem sviðið deilir með rannsóknarstofnunum sem aðsetur hafa á Borgum. Meðal kennara sviðsins eru níu prófessorar. Auk þess störfuðu að jafnaði nokkrir sérfræðingar og aðstoðarmenn að ýmsum rannsóknarverkefnum og stundakennslu. Á árinu var fram haldið samstarfi við Símenntun HA um rekstrar- og viðskiptanám.

Viðskipta- og raunvísindasvið hefur verið þátttakandi í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna um árabíl. Starfsmenn sviðsins hafa kennt á námskeiðum skólans og verið leiðbeinendur nemenda. Þessu námi við HA hefur verið skipt í tvo þætti, annars vegar grunnþjálfun nemenda háskólans í viðskiptafræði og markaðsfræði og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðssetningu sjávarútvegsfyrirtækja, A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing, sem miðar að því að þjálfa fólk í að stjórna sjávarútvegsfyrirtækjum af ólíkum toga. Helstu markmið með sérhæfða náminu eru að veita yfirlit yfir kenningar

í rekstri og fjármálum fyrirtækja, að veita víðtæka þekkingu á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja allt frá fiskeldi til markaðssetningar sjávarafurða og að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun til að finna lausn á vandamálum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Kennarar sviðsins hafa einnig verið ráðgefandi, skipulagt og haldið námskeið í tengslum við þetta starf í ýmsum þróunarlöndum.

AUÐLINDAEILD

Í boði eru tvær námsleiðir til B.S. prófs, líftækni og sjávarútvegsfræði. Kennendur námskeið annars og þriðja árs í umhverfis- og orkufræði. Boðið var upp á staðarnám og fjarnám. B.S. námið er skipulagt til þriggja ára, samtals 180 ECTS námseiningar. Ennfremur var boðið rannsóknartengt nám til meistaraþráðu í auðlindafræði sem og meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Háskólinn á Akureyri hefur frá upphafi markað sér þá sérstöðu meðal íslenskra háskóla að leggja áherslu á námsbrautir tengdar nýtingu náttúruauðlinda á þverfaglegu sviði auðlindafræða. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnum. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar.

Í auðlinda-deild hófu 45 nemendur grunnnám að hausti og einn nemandi hóf meistaranám.

Náið samstarf var við fjölda fyrirtækja og rannsóknarstofnanir hérlandis og erlendis. Má þar nefna þær stofnanir sem eru í návígi við deildina á Borgum og deila með henni aðstöðu og starfsmönnum, svo sem Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyrarsetur og Matis ohf. Virkt samstarf var ennfremur við aðra háskóla, svo sem Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Hólaskóla – Háskólann á Hólum. Einnig við fjölda fyrirtækja og má þar m.a. nefna Mannvit, Sorpu, Landsvirkjun, Norðurorku, Norðurskel h.f., Samherja h.f., Brim h.f. og Biopol ehf.

Kennarar og sérfræðingar auðlinda-deildar eru mjög virkir í rannsóknnum sem spanna vítt svið raunvísinda og náttúruvísinda. Rannsóknir tengdar sjávarútvegi eru hafrannsóknir, líffræði, efna- og örverufræði fiska, gæði og öryggi sjávarfangs, veiðarfærarannsóknir, vinnslutækni og hagrænar rannsóknir. Líftækniannsóknir tengjast lífefnaleit, orkulíftækni, fiskeldi,



kerfislíffræði, sameindaerfðafræði og gerðar eru rannsóknir á virkum íblöndunarefnum. Í umhverfis- og orkufræðum má nefna ýmsar rannsóknir á eðli jarðskorpunnar, jarðvá og jarðhita, bæði er um að ræða grunnrannsóknir og rannsóknir er lúta að nýtingu. Jafnframt eru stundaðar rannsóknir á grunnvatni, gerð þess og uppruna.

Ýmsir styrkir til rannsókna og tækjakaupa úr opinberum samkeppnisjóðum fengust á árinu.

Líftækni

Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla upp á sérhæft nám í líftækni, þar sem blandað er saman ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni ásamt viðskiptagreinum. Meðal áherslna eru umhverfis- og orkulíftækni, til dæmis niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna, líftæknilegir þættir fiskeldis hvað varðar heilbrigði og fóður, lífvirk efni, efni með lyfjavirkni, fæðubótarefni, aukæfni í matvælum og efni sem bæta ónæmiskerfið, og grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Af sérnámskeiðum má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, sjávarlíftækni, líftæknilega örverufræði, matvælafræði og matvælavinnslu, næringarfræði, veirufræði, náttúrulegar afurðir, nýmyndun og niðurbrot, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli. Auk fastra kennara auðlinda-deildar koma sérfræðingar ýmissa fyrirtækja og stofnana að kennslunni.

Eitt rannsóknarverkefna á sviði líftækni beinist að notkun hitakærra örvera við framleiðslu á etanóli og vetni úr lífmassa. Þær rannsóknir eru unnar í víðtæku samstarfi innanlands og utan og hefur fjöldi styrkja fengist til rannsóknarverkefna og uppbyggingar tækja og aðstöðu, meðal annars úr Tækniþróunarsjóði Rannís til verkefnisins *Lífeldsneyti*, sem snýst um framleiðslu á vetni, metan, etanóli og syngas framleiðslu úr sorpi. Verkefnið lýtur stjórn Háskólans á Akureyri. Alls unnu þrjár sérfræðingar og þrjár meistaranemar á sviði orkulíftækni á árinu. Fimm ritrýndar greinar voru birtar á sviði orkulíftækni um hitakærar etanól- og vetnisframleiðandi bakteríur.

Unnið var að uppbyggingu bakteríustofnasafns úr ýmsum vistgerðum íslenskrar náttúru. Safnað var stofnum úr ýmsum jarðvegsgerðum á Norðurlandi og víðar. Söfnunin var meðal



VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ



annars unnin í tengslum við sameiginlegt sumarnámskeið HA, HÍ og University of Reading í örveruvistfræði norðurslóða sem kennt var í fyrsta sinn á árinu. Einnig var stofnasafnið skimað eftir hagnýtanlegum eiginleikum, svo sem til kulda-virks niðurbrots á ýmsum lífrænum fjölliðum, og umhverfissýni skimuð eftir bakteríuveirum með virkni gegn völdum stofnum. Verkefni voru styrkt af Rannsóknasjóði HA og fleiri aðilum. Sumarnámskeiðið var styrkt af Hvata- og þróunarstyrk sem samstarf opinberu háskólanna veitir. Áfram var haldið vinnu við greiningu á sambýlisbakteríum íslenskra fléttna og hóf doktorsnemi, Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir, störf við það á árinu. Verkefnið um sambýlisbakteríur fléttna er sem áður styrkt af Rannsóknasjóði Rannís. Ein ritrýnd grein um örveruvistfræðirannsóknir birtist á árinu, auk þess sem rannsóknirnar voru kynntar á þremur alþjóðlegum ráðstefnum. Prótínmengja-

rannsóknir voru einnig stundaðar á árinu. Fram fór meistara-vörn í einu verkefni á því sviði og tveir bókarkafar voru birtir.

Á rannsóknarstofu í hagnýtri örverufræði við HA var unnið að rannsóknum á framleiðslu á fjölmöttuðum Omega-3 fitusýrum og lífvirkum efnum með frumverum, í samvinnu við sjávarlífæknisetrið BioPol ehf á Skagaströnd og Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Meginmarkmiðið var að einangra, greina og rækta nýja stofna af frumverum af ættinni Thraustochytrids til framleiðslu á Omega-3 sjávarolíum og lífvirkum efnum í tilraunarækt. Frumverurnar hafa ekki verið ræktaðir hér á landi fram til þessa. Verðmætustu fitusýrurnar eru hinar fjölmöttuðu og lífsnauðsynlegu fitusýrur DHA (docosahexaenoic acid, C22:6-n3) og EPA (eicosahexaenoic acid, 20:5n-3).



Starfsameiginlegar rannsóknarstofu HA og Náttúrufræðistofnunar í sameindaerfðafræði eflidist. Þrír meistaranemar og einn doktorsnemi störfuðu að verkefnum á vegum stofunnar og innlendra og erlendra samstarfsaðila hennar. Lokaverkefnum nemenda í grunnnámi og verklegri kennslu í erfða- og sameindaerfðafræði er sinnt þar. Jafnframt er unnið að verkefnum í samstarfi við Matís ohf. og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Rannsóknasjóður Rannís, Háskólasjóður KEA og Rannsóknasjóður HA eru meðal styrktaraðila rannsóknarstarfs á stofunni.

Sjávarútvegsfræði

Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla 180 ECTS eininga nám í sjávarútvegsfræði til B.S. gráðu, einnig er boðið upp á M.S. gráðu í sjávarútvegsfræði. Að námi loknu bera brautskráðir starfsheitið sjávarútvegsfræðingur. Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Námið veitir einnig þverfaglegan grunn sem nýtist vel til stjórnunarstarfa. Kennð eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Sérnámskeið sjávarútvegsfræða eru um vistkerfi sjávar og veiðar og vinnslu sjávarafurða. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, til dæmis í tengslum við lokaverkefni nemenda.

Nemendur í sjávarútvegsfræði fóru árið 2012 í skiptinám til Japan, Noregs og Nýfundnalands en til Íslands kom skiptinemi frá Finnlandi. Auk þess var haldinn alþjóðlegur sumaráfangi í sjávarlíffræði í samstarfi við Turku University of Applied Sciences. Nemendur í áfanganum komu frá öllum Norðurlöndunum og var áfanginn sérstakur að því leyti að helming tímans voru nemendur á Íslandi og helming í Finnlandi.

Náíð samstarf er við Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA.

Umhverfis- og orkufræði

Ekki voru innritaðir nýnemar í B.S. nám í umhverfis- og orkufræði en nemendur á öðru og þriðja ári héldu áfram námi sínu. Námið er grunnnám í náttúruvísindum með áherslu á jarðvísindi, vistfræði- og vatnafræðilega þætti, áhrif mengunar á umhverfi, auðlindanýtingu og auðlindastjórnun, sem og umhverfismat og umhverfisskipulag.

Öflugar rannsóknir voru stundaðar á sviði umhverfis- og orkufræða árið 2012. Unnið var að rannsóknum á eðli jarðskorpunnar með jarðeðlisfræðilegum aðferðum og grunnrannsóknum á jarðhita, eðli hans og eiginleikum. Einnig var unnið að rannsóknum á nýtingu jarðhita, t.d. útfellinga- og tæringarrannsóknum, rannsóknum á nýjum nýtingarmöguleikum og fjölnýtingu jarðhita, og nýtingu jarðvarma til heilsutengdrar ferðapjónustu. Þá var unnið að grunnvatnsrannsóknum á köldu og heitu vatni í samvinnu við ýmsa aðila, og rauntíma efnavöktun í grunnvatni til jarðvárviðvörunar. Öflugt og traust samstarf var við ýmis orkufyrirtæki, stofnanir, hagsmunaaðila, sveitarfélög og erlenda vísindamenn.

Meistaránám í auðlindafræði

M.S. í auðlindafræðum er alþjóðlegt rannsóknarnám á sviðum umhverfisfræði, orkufræði, líftækni og sjávarútvegsfræði. Þessi fræði endurspeglar faglega sérstöðu auðlindadeildar í kennslu og rannsóknum. Námið er 120 ECTS einingar, skipulagt til tveggja ára, og er einstaklingsmiðað. Megináhersla er lögð á meistavarverkefnið sem vegur 60–90 ECTS og að nemendur tileinki sér vísindaleg vinnubrögð. Námskeiðshluta meistaránámsins tekur nemandinn að hluta við HA, við aðra innlenda háskóla ef kostur er og við erlenda rannsóknarháskóla samkvæmt ákvörðun meistaránámsnefndar hverju sinni. Námið er í samstarfi og sterkum tengslum við erlenda rannsóknarháskóla og -stofnanir.

Haf- og strandsvæðastjórnun

M.S. nám í haf- og strandsvæðastjórnun er alþjóðleg og þverfagleg námsleið sem boðin er í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða. Allt námið er kennt á Ísafirði en HA ber faglega ábyrgð á gæðum kennslu, námsefnis og námsmats. Mikil tengsl eru við auðlindadeild og prófgráða við námslok er frá HA.

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

VIÐSKIPTAEILD

Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í viðskiptadeild hófu 105 nemendur grunnnám að hausti og þrír nemendur hófu meistaranám. Um 70% nemenda í grunnnámi eru fjarnemar.

Grunnnám í viðskiptafræði

Boðið var upp á þriggja ára, 180 ECTS B.S. nám í viðskiptafræðum, bæði í staðarnámi og fjarnámi. Staðarnámið fer fram með hefðbundnum hætti í fyrirlestrum, umræðutímum og dæmatímum. Fjarnámið fer hins vegar fram um myndfundabúnað og með upptökum úr kennslustundum í staðarnámi sem dreift er til nemenda um lokaðan kennsluvef. Fjöldi kennslustunda fjarnema um myndfundabúnað er um 50% af kennslustundum staðarnema.

„Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er hagnýtt nám þar sem einstaklingar eru menntaðir til ábyrgðarstarfa við rekstur fyrirtækja, stofnana eða félagsamtaka. Þeir öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun.“

Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er hagnýtt nám þar sem einstaklingar eru menntaðir til ábyrgðarstarfa við rekstur fyrirtækja, stofnana eða félagsamtaka. Þeir öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru nemendur æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast munu í framhaldsnámi og starfi. Allir nemendur öðlast góða grunnþekkingu á viðskiptafræði og geta svo valið að leggja sérstaka áherslu á stjórnun og fjármál eða stjórnun og markaðsfræði.

Námsleiðir í grunnnámi eru tvær: Stjórnun og markaðsfræði og Stjórnun og fjármál þar sem einstaklingar eru menntaðir til

ábyrgðarstarfa við rekstur fyrirtækja, stofnana eða félagsamtaka. Þeir öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru nemendur æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast munu í framhaldsnámi og starfi. Allir nemendur öðlast góða grunnþekkingu á viðskiptafræði og geta svo valið að leggja sérstaka áherslu á stjórnun og fjármál eða stjórnun og markaðsfræði.

Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa auk þess að veita nauðsynlegan undirbúning fyrir framhaldsnám í viðskiptafræðum. Fjallað er meðal annars um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun ásamt því að fjalla ítarlega um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Í náminu er farið yfir aðferðir til markaðsgreiningar, gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaferða. Að auki eru m.a. kennd námskeið í vörubrúun og áætlanagerð.

Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum auk þess að veita nauðsynlegan undirbúning fyrir framhaldsnám í viðskiptafræðum. Fjallað er m.a. um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði ásamt því að fjalla ítarlega um fjármálastjórnun, áhættustýringu og verðbréfalögfræði.

Meistaránám í viðskiptafræði

Meistaránámi í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri var breytt í rannsóknartengt meistaranám árið 2010. Er það 120 ECTS eininga nám.

Rannsóknartengt meistaranám í viðskiptafræðum er 120 ECTS eininga nám sem er á margan hátt ólíkt því námi sem er á bakkalárstigi. Til að mynda liggur ekki fyrir ákveðin námskrá meistaranáms, heldur er námið einstaklingsmiðað. Þannig fylgir hver nemandi eigin námskrá sem er sérsníðin að þörf-



um hans og þess rannsóknarverkefnis sem hann vinnur að á námstímanum. Meðal fyrstu verkefna meistarans er að velja í náinni samvinnu við aðalleiðbeinanda sinn námskeið úr kennsluskrá HA eða samstarfsstofnana. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að hin einstaklingsmiðaða námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Námið skiptist í ýmist 60 eða 90 ECTS eininga rannsóknarverkefni og 30 til 60 ECTS eininga námskeið. Að lágmarki skal nemandi ljúka námskeiðum sem samsvara 30 ECTS einingum og þar af hið minnsta 10 ECTS einingum í rannsóknaradferðum. Önnur námskeið skal nemandi taka við HA eða samstarfsstofnanir. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og meistaranefnd.

Rannsóknir

Kennarar í viðskiptadeild hafa á undanföllum árum verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf á sviðum fjármála og fjármálamarkaða, ferðaþjónustu, samruna fyrirtækja, útivistunar í þjónustufyrirtækjum, alþjóðastofnana, fjarkennslu, norrænna vinnumarkaða, sveitarstjórnarmála, markaðsmála, stjórnunar og skipulagningar fyrirtækja og reksturs sjávarútvegsfyrirtækja. Rannsóknir þeirra hafa birst í sérstökum bókum, íslenskum og erlendum fræðitímaritum og safnrítum. Náin tengsl eru við rannsóknir Rannsóknamiðstöðvar ferðamála – RMF og Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA, meðal annars um byggðarannsóknir.

Kennarar deildarinnar eiga í margvíslegum samskiptum og samstarfi við erlendar stofnanir og vísindamenn. Nemendur hafa stundað nám erlendis að hluta á vegum Erasmus og Nordplus.

Viðskipta- og raunvísindasvið á aðild að ECBE, The European Council for Business Education, frá árinu 2005. Um frekari upplýsingar varðandi ECBE vísast til heimasíðu samtakanna: <http://ecbe.qualilearning.org/>.

Viðskiptadeild er einnig aðili að EkoTekNord sem er tengslanet 19 háskóla á Norðurlöndum. Markmið netsins er að auka nemenda- og kennaraskipti og bjóða upp á stutt námskeið. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu samtakanna: <http://www.ekoteknord.nu/etn/index.shtml>

MARKAÐS- OG KYNNINGARSVIÐ

Markaðs- og kynningarstarf var með hefðbundnum hætti árið 2012. Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs vann kynningarefni fyrir háskólann í samstarfi við deildir hans en það er auglýsingastofan Still á Akureyri sem sér um hönnun kynningarefnis og Ásprent prentar.

„Í byrjun árs 2012 var tilkynnt að vefur Háskólans á Akureyri hefði verið kosinn einn af fimm bestu vefjum ríkisstofnana/ráðuneyta.“

Háskólar landsins héldu áfram samstarfi um að skipuleggja Háskóladaginn sem er orðinn að árlegum viðburði í febrúar en sú breyting varð á í ár að nokkrir skólar færðu sig um set. HR var í sínum húsakynnum líkt og HÍ en Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Listaháskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og danskir skólar á vegum danska sendiráðsins kynntu nám sitt á nýjum stað í Háskólabíói. Þá var Háskólinn á Bifröst með kynningu í Norræna húsinu. Háskóladagurinn var síðan einnig haldinn sameiginlega á Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi.

Lögð var áhersla á vandaðar auglýsingar í fjölmiðlum fyrir innritun skólaárið 2012 – 2013 að venju. Markaðs- og kynningarsvið er í samstarfi við Birtingahúsið ehf. um að útbúa auglýsingaáætlun og eru auglýsingar unnar af auglýsingastofunum Kapital og Ásprenti Stíl ehf. Að venju var farið í heimsóknir í framhaldsskóla og háskólinn kynntur fyrir stúdentsefnum, farið var í vel flesta framhaldsskóla landsins og oft voru nemendur HA með í för.

Að auki var sendur markpóstur til stúdentsefna og þá tók markaðs- og kynningarsvið á móti hópum sem heimsóttu

háskólann. Markaðs- og kynningarsvið sá einnig um að skipuleggja fjölmarga viðburði innan háskólans, svo sem fullveldis-hátíð 1. desember, HA-dag þar sem háskólinn er kynntur fyrir framhaldsskólanemum á Norðurlandi og móttöku eftir brautskráningu í júní. Þá sá sviðið um að halda utan um afmælisdagskrá vegna 25 ára afmælis háskólans en þar lögðu fjölmargir aðilar sitt á vogarskálarnar. Í samstarfi við fræðasvið, nemendur og háskólaskrifstofu var haldið úti mögum viðburðum mánaðarlega til að fagna afmælinu. Hápunkturinn var þó opið hús og afmælisfögnuður þann 2. september en þann dag sóttu hátt í 1000 manns háskólann heim. Þá kom út veglegt rit í tilefni af afmælinu en það er 25 ára saga Háskólans á Akureyri. Ritstjóri var Bragi Guðmundsson prófessor við kennaradeild HA.

Innanríkisráðuneytið og Skýrslutæknifélag Íslands stóðu fyrir úttekt undir yfirskriftinni *Hvað er spunníð í opinbera vefi 2011?* Úttekt á opinberum vefjum fór nú fram í fjórða sinn. Hlaut vefur Tryggingastofnunar viðurkenninguna besti ríkisvefurinn 2011 og vefur Akureyrarbæjar viðurkenninguna besti sveitarfélaga-vefurinn 2011.

Háskólinn á Akureyri átti einn af fimm bestu vefjunum en þeir voru vefir

- Fiskistofu
- Háskólans á Akureyri
- Neytendastofu
- Tollstjóra
- Tryggingastofnunar



FJÁRMÁLA-, STARFSMANNA- OG REKSTRARSVIÐ



Eyktaklukkan í Miðborg er gjöf frá FSHA og Góðvinum. Hún var sett upp fyrir vígslu nýbyggingarinnar 28. ágúst 2011.


Samkvæmt gamalli venju var sólarhringnum er skipt niður í átta eyktir sem voru þrjár klukkustundir að lengd hver. Kl. 12 var hádegi og miðnætti, kl. 3 nónn/óttu, kl. 6 rismál/miðaftan og kl. 9 voru dagmál/náttmál.

Fjármála-starfsmanna- og rekstrarsvið annast helstu sam-eiginleg verkefni á sviði fjármála. Má þar nefna umsjón með gerð rekstraráætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, miðlun fjárhagslegra upplýsinga, svo og eftirlit og ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans. Jafnframt annast sviðið rekstur og umsjón fasteigna og búnaðar háskólans, þar á meðal rekstur tölvakerfa og símakerfa.

Á árinu 2012 var starfsemin með hefðbundnu móti. Framkvæmdir hófust við 5. byggingaráfanga á Sólborg en gert er ráð fyrir að húsið verði tekið í notkun haustið 2013.

NEMENDUR OG DEILDIR


Lögheimili nemenda á haustmisseri 2012



Lögheimili	Karlar	Konur	Samtals	Hlutfall
Norðvestur	53	167	220	13,84%
Norðaustur	165	455	620	38,99%
Suður	53	179	232	14,59%
Suðvestur	40	156	196	12,33%
Reykjavík	45	166	211	13,27%
Erlendis	35	76	111	6,98%
Samtals	391	1.199	1.590	100,00%

Nemendaföldi eftir deildum

Deild	2008			2009			2010			2011			2012		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindadeild	45	101	146	50	126	176	52	129	181	64	205	269	82	255	337
Kennaradeild	61	294	355	68	330	398	74	349	423	44	246	290	41	218	259
Lagadeild	39	50	89	63	57	120	48	55	103	53	58	111	45	53	98
Hjúkrunarfræðideild	2	179	181	2	213	215	4	219	223	6	234	240	10	253	263
Iðjúpjálfunardeild	4	68	72	3	74	77	4	85	89	5	98	103	3	105	108
Framh.deild í heilbr.vísindum	7	44	51	5	55	60	3	31	34	2	45	47	8	35	43
Auðlindadeild	57	41	98	67	64	131	87	80	167	95	76	171	91	79	170
Viðskiptadeild	135	239	374	140	195	335	125	169	294	128	185	313	111	201	312
Utan brauta	4	1	5	3	7	10			0			0			0
Samtals	354	1.017	1.371	401	1.121	1.522	397	1.117	1.514	397	1.147	1.544	391	1.199	1.590









KENNSLUSVIÐ

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja samræmi og gott skipulag á daglegu starfi háskólans ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar, þjónustu og ráðgjöf.

Afgreiðslustjóri og fulltrúar á kennslusviði annast meðal annars almenna þjónustu, upplýsingagjöf, símsvörun, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans. Bókanir og leiga á stofum er einnig í höndum fulltrúa. Afgreiðslustjóri og fulltrúar annast jafnframt innritun nýnema og hafa umsjón með nemendaskrá og skjalavistun henni tengdri.

Skipulag og umsjón prófhalds fer fram á kennslusviði undir stjórn prófstjóra. Prófstjóri gefur út próftöflur og hefur yfirumsjón með prófhaldi og einkunnaskilum. Reglulegar próftíðir eru í desember og apríl/maí og sjúkra- og endurtökupróf eru að lokinni viðkomandi próftíð.

Kennslusvið hefur umsjón með framkvæmd fjarkennslu háskólans ásamt samskiptum við símenntunar- og fræðslumiðstöðvar um allt land.

Á kennslusviði starfar sérfræðingur háskólans í upplýsingakerfum, sem hefur umsjón með innra upplýsingakerfi hans en um mitt ár skipti skólinn um upplýsingakerfi þegar Uglan var tekin upp í stað Stefáníu og nota nú allir ríkisháskólarnir sama upplýsingakerfið. Sérfræðingurinn annast einnig gagnamiðlun milli tölvukerfa háskólans ásamt vefumsjón. Hann sér ennfremur um uppsetningu og birtingu námskrár og framkvæmir námskeiðsmat og aðrar kannanir ásamt því að veita ýmsar tölfraðilegar upplýsingar úr nemendaskrá.

Náms- og starfsráðgjafi heyrir undir kennslusvið. Markmið starfsins er í megindráttum þrjúþætt: Að leiðbeina núverandi og væntanlegum nemendum háskólans um val á námi, að veita einstaklingum og hópum leiðsögn á meðan á námi stendur, ekki síst um námstækni og bætt vinnubrögð í námi, og að veita nemendum persónulega ráðgjöf, meðal annars varðandi námsframvindu og einkalíf. Náms- og starfsráðgjafi hélt tvö námskeið á haustmisseri 2012. Annars vegar átta tíma námskeið um námstækni og vinnubrögð í námi og hins vegar sex tíma námskeið um prófkviða/kvíðastjórnun. Fjarnemum var boðinn fjarnámsaðgangur að námskeiðinu um námstækni og vinnubrögð í námi. Námskeiðshald þetta er liður í að auka þjónustu við nemendur HA og auka færni þeirra til náms. Að

öðru leyti var um hefðbundna starfsemi náms- og starfsráðgjafar að ræða sem fólst aðallega í víðtækri upplýsingagjöf og viðtalsþjónustu við nemendur og aðra sem eftir þjónustunni leita ásamt því að reka ýmis hagsmunamál nemenda.

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með nemenda-, kennara- og starfsmannaskiptum, ásamt öðrum verkefnum sem tengjast alþjóðlegu samstarfi. Á árinu 2012 voru alls 78 erlendir skiptinemar skráðir í HA frá eftirtöldum löndum: Danmörku, Belgíu, Englandi, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Kanada, Kína, Lettlandi, Noregi, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi og Þýskalandi. Alls stunduðu 29 nemendur frá HA skiptinám erlendis í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Belgíu, Búlgaríu, Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Ítalíu, Japan, Kanada, Litháen, Noregi, Póllandi, Spáni, Sviss, Svíþjóð og Þýskalandi. Þrettán kennarar og starfsmenn HA fóru erlendis í kennara- eða starfsmannaskiptum í gegnum Erasmus eða Nordplus og HA tók á móti ellefu erlendum kennurum í skiptum. Alþjóðaskrifstofa HA sá um móttöku og skipulagði kynningar á háskólanum fyrir fjölmargt starfsfólk frá erlendum samstarfsskólum HA, frá erlendum sendiráðum sem og ýmsum öðrum erlendum gestum. Nemenda- og kennaraskiptasamningar auk samstarfsneta við erlenda háskóla er um 200. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus, Nordplus, North2North og tvíhliða samninga. Unnið er að því að gera háskólasamstarfið enn skilvirkara en nú, meðal annars með markmiðum um að auka fjölda skiptinema frá HA. Alþjóðadagur HA var haldinn 25. október 2012 í umsjón alþjóðafulltrúa í samstarfi við Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri og kennara innan háskólans. Skipar alþjóðadagurinn veigamikinn sess í starfi háskólans.

Starfsmenn kennslusviðs voru átta og gegndi Steinunn Aðalbjarnardóttir stöðu forstöðumanns sviðsins.

FJARNÁM

Fjarkennsla við Háskólann á Akureyri hófst haustið 1998 þegar boðið var upp á fjarnám við heilbrigðisdeild. Um var að ræða nám í dagskóla á hjúkrunarfræðibraut þar sem kennt var um myndfundabúnað samtímis á Akureyri og Ísafirði. Ári síðar bættust svo nemendur á Egilsstöðum í þennan hóp. Frá árinu 1998 hefur fjarnám verið vaxandi þáttur í námsframboði Háskólans á Akureyri.

Skólaárið 2012–2013 buðu allar deildir skólans nema lagadeild upp á fjarnám í grunnnámi og stunduðu það 775 nemendur um allt land.

Háskólinn á Akureyri kappkostar að bjóða öllum nemendum sínum öfluga stoðþjónustu á sviði tölvu- og upplýsingatækni hvort sem þeir stunda nám á háskólasvæðinu eða í heimabyggð.

Heilbrigðisvísindasvið – hjúkrunarfræðideild og iðjubjálfunarfræðideild

Í hjúkrunarfræðideild fer fram fullt nám í dagskóla þar sem fjarnemendur stunda nám samhliða nemendum í staðarnámi. Námið byggir að mestu á gagnvirkum myndfundabúnaði, en kennarar nýta einnig kennsluferfið Moodle og tölvusamskipti í síaukunum mæli.

Í iðjubjálfunarfræðideild er stuðst við kennsluferfið Moodle og fara upptökur af öllum kennslustundum þangað inn. Kennarar nota einnig tölvusamskipti, m.a. í gegnum Skype. Skólaárið 2012–2013 voru 210 nemendur á haustmíssi og 160 nemendur á vormíssi við heilbrigðisvísindasvið í fjarnámi á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, í Hafnarfirði, á Húsavík, Ísafirði og Neskaupstað, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Stykkishólmi og Vestmannaeyjum.

Hug- og félagsvísindasvið – kennaradeild og félagsvísindadeild

Fjarnám hófst í kennaradeild 1999 og miðaðist í upphafi að hluta til við fólk sem var starfandi í skólum og var þá ekki fullt nám, heldur lauk því á fjórum árum í stað þriggja í staðarnámi. Þetta breyttist haustið 2009 er tekið var að kenna námið sem fullt nám samhliða staðarnámi. Kennsla fer að mestu fram um gagnvirkan myndfundabúnað. Notkun Moodle kennsluferfisins hófst með einu námskeiði í kennaradeild á vormíssi 2009 og á haustmíssi var þeim fjölgað. Í upphafi skólaárs 2010–2011 kom Moodle kerfið síðan til fullrar notkunar í háskólanum og leysti þá eldra kennsluferfi, Blackboard, af hólmi.

Í félagsvísindadeild hófst fjarnám haustið 2011. Sömu námskeið eru kennd í fjarnámi og í staðarnáminu en stuðst er við upptökur og kennsluferfið Moodle.

Skólaárið 2012–2013 voru 219 nemendur á haustmíssi og 227 nemendur á vormíssi í fjarnámi á hug- og félagsvísindasviði á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi og Búðardal, á Egilsstöðum, í Grundarfirði og Hafnarfirði, á Hólmanvík, Húsavík, Hvammstanga, Höfn, Ísafirði, Patreksfirði og Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Snæfellsbæ, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum, á Vopnafirði og Þórshöfn.

Viðskipta- og raunvísindasvið – auðlindadeild og viðskiptadeild

Í auðlindadeild og viðskiptadeild er miðað við að nemar geti stundað vinnu meðfram fjarnáminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fer fram að mestu leyti á netinu gegnum Moodle og þangað inn fara einnig upptökur af öllum kennslustundum. Til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði utan dagvinnutíma í mörgum námskeiðum í viðskiptadeild. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið. Skólaárið 2012–2013 voru 293 nemendur á haustmíssi og 283 nemendur á vormíssi við viðskipta- og raunvísindasvið í fjarnámi á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum og Grundarfirði, í Hafnarfirði, á Húsavík, Höfn og Ísafirði, í Neskaupstað, á Patreksfirði og Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Vestmannaeyjum og á Vopnafirði.

Í árdaga fjarkennslunnar var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í miklum mæli við háskólann. Hröð þróun í upplýsingatækni býður þó upp á fjölbreyttar leiðir í kennslu, við miðlun námsefnis, í samskiptum og við að mæta þörfum nemenda í fjarnámi. Háskólinn fylgist vel með þróun í upplýsinga-, samskipta- og kennslutækni og innleiðir markvisst nýjungar á því sviði. Má þar nefna gagnvirkar töflur og skjái, upptökur kennslustunda og beinar útsendingar þeirra, ýmsar vefsíður og rafrænt kennslufni sem kennarar búa til og kennsluferfið Moodle sem m.a. hefur að geyma innbyggt póstforrit, vefumræður, spjallrásir, próftæki, verkefnamiðlara, hópinnuverkfæri og ýmsa möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu formi.

Hætt var að nota upplýsingakerfið Stefáníu, sem þróað var í Háskólanum á Akureyri, á skólaárinu og þess í stað tekið upp upplýsingakerfið Uglu sem stýrt er af Reiknistofnun Háskóla Íslands og á að veita aðgang að öllum helstu upplýsingum sem tengjast daglegu starfi í háskólanum svo sem stundaskrá, próftöflum reglulegra próftíða, námsframvindu, námskrá, kennsluskra og námskeiðslýs-



ingum auk þess að halda utan um skráningar fjarfunda, fjarstaða og kennslu- og prófstaði nemenda.

Háskólinn á Akureyri hefur lagt áherslu á að nemendur á þeim stöðum þar sem fjarnám er í boði hafi aðgang að þjónustu í heima- byggð, enda er það talin ein forsenda fjarnámsins að nemendum sé sköpuð góð aðstaða til móttöku kennslu gegnum myndfundabúnað, tölvur og net. Háskólinn hefur því haft samstarf um fjarkennslu við háskólasetur, háskólafélög og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið. Þó aðstaða sé mismunandi á fjarkennslu- stöðunum hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvu- veri ásamt ljósritunar- og vinnuástöðu á þeim flestum.


Helstu samstarfsaðilar háskólans eru: Austurbrú, Farskóli Norðurlands vestra, Háskólafélag Suðurlands, Háskólasetur Vestfjarða, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Víska –

Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Þekkingarnet Þingeyinga.

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhlíða starfi. Fjarnemar greiða sömu skráningargjöld og aðrir nemendur en á sumum fjarkennslustöðum þarf að greiða aðstöðugjöld sem eru mismunandi eftir fræðslu- eða símenntunarstöð.

Verkefnastjóri fjarnáms er Daniel Freyr Jónsson.

Nemendur haustmisseri 2012



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNAR- MIÐSTÖÐ – RHA

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri er sjálfstæð eining innan HA. Stofnunin nýtur ekki fastra fjárframlaga, heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti, félagasamtök og með rannsóknarstærkjum innanlands sem utan.

Í árslok 2012 störfuðu 12 starfsmenn í um 9 stöðugildum við RHA og Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA sem rekin er undir hatti RHA. Forstöðumaður RHA árið 2012 var Hjalti Jóhannesson en Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir var í launalausum leyfi.

Hlutverk RHA er að efla rannsóknarstarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og að styrkja tengsl háskólans við atvinnulífið. Einnig hefur miðstöðin það hlutverk að vinna að þróun nýrra verkefna innan HA og koma þeim í réttan farveg.

Markmiðið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórpætt:

- Að efla umsýslu og þjónustu við rannsóknir innan HA með það að markmiði að efla rannsóknir við HA og auka fjármagn til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
- Að vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt.
- Að vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar stofnanir og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmasta hátt.
- Að vera tengiliður HA við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir atvinnulífið og stuðla að þekkingaryfirfærslu þangað frá HA.

RHA hefur með höndum stjórnarsýslu rannsókna með þjónustusamningi við HA. Er þar um að ræða eftirtalda þætti sem lúta að stjórnarsýslu, umsjón, þjónustu og ráðgjöf við rannsóknir í háskólanum:

- Umsjón með stigamati og rannsóknarskýrslum.
- Umsjón með sjóðum og styrkumsóknum.
- Þjónusta við dómnefnd HA vegna grunnmats og framgangs akademískra starfsmanna.
- Umsjón með rannsóknarmisserum.
- Umsjón með vinnumatssjóði.
- Þjónusta við Vísindaráð HA.

RHA hýsir ýmis verkefni fyrir háskólann, bæði langtíma- og skammtímaverkefni. Má þar nefna skrifstofu Rannsóknabings Norðursins, Northern Research Forum – NRF, skv. þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. Þá sinnir RHA umsýslu vegna Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar – SHA og teljast starfsmenn þessara starfseininga til starfsmanna RHA. Ennfremur hefur RHA sinnt þjónustu við nemendur Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem koma reglubundið til tilnáms við HA.

RHA er samstarfsaðili í nokkrum Evrópuverkefnum. Þar má nefna *ESPON* verkefni sem eru sérstök byggarannsóknaverkefni; *Nordic Baltic Dialogues on Transnational Perspectives in Spatial Planning (NORBA)*, *Services of General Interest, (SeGI)*, *Key Indicators for Territorial Cohesion and Spatial Planning (KITCASP)* og *ESPON Evidence in a North European Context (ENECON)*. Þá umsýslar RHA svokallaðan *ESPON-ECP* tengilið í umboði Háskólans á Akureyri, en tengiliðir eru í öllum aðildarlöndum ESPON samstarfsins. Lokið var stóru evrópsku rannsóknarverkefni á árinu en það kallast *EU-NET ADB* og rannsakaði áhættu tengda net-ávana meðal 15 og 16 ára unglinga. Alls tóku átta stofnanir í sjö löndum Evrópu þátt í rannsókninni. Unnið var að allstóru íslensku rannsóknarverkefni á árinu; *Samfélagshlutverk háskóla (Samhá)* en það er samstarfsverkefni RHA, Miðstöðvar Skólaþróunar við HA og teymis háskólakennara við HA og HÍ.

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA árið 2012 voru fjölbreytt. Hefur samsetning þeirra breyst nokkuð á undanföllum árum, meira er um styttri verkefni og kannanir af ýmsu tagi. Eftirfarandi listi yfir verkefni er ekki tæmandi en sýnir þær rannsóknarskýrslur sem eru aðgengilegar á vefsíðu RHA, www.rha.is. Rétt er að benda á að ekki lýkur öllum verkefnum með skýrslu. Þá er nokkuð um áfangaskýrslur sem ekki eru birtar, sérstaklega í erlendum rannsóknarverkefnum, og þannig endurspeglar þetta ekki vinnu starfsmanna í rannsóknnum. Á vef RHA má finna nánari upplýsingar um starfsemi RHA.



Rannsóknarskýrslur RHA 2012:

Becromal. Stöðumat umhverfismála.

Höfundar: Valtýr Sigurbjarnarson, Hreiðar Þór Valtýsson, Hjalti Jóhannesson og Erlendur Bogason.

Brotthvarf nemenda við Háskólann á Akureyri.

Höfundur: Sigrún Sif Jóelsdóttir.

Icelandic Road Infrastructure and Policymaking.

Short compilation for the NPP project Trans Tourism and the Icelandic Tourism Research Centre.

Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Valtýr Sigurbjarnarson.

Könnun á ferðatilhögun Akurnesinga milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

*Könnun á þjónustu og gæðum vinnumarkaðsúrræða Vinnu-
málastofnunar.*

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Matskerfi fyrir félagsþjónustu sveitarfélaga.

Höfundur: Kristín Sóley Sigursveinsdóttir.

*Samfélagshlutverk háskóla. Grein í Stjórnámál og stjórnsýsla 2.
tbl. 8. árg. (281-302).*

Höfundar: Trausti Þorsteinsson, Hjördís Sigursteinsdóttir og Sigurður Kristínsson

*Samfélagshlutverk háskóla. Áfangaskýrsla I. Samantekt um
stöðu verkefnisins.*

Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson.

*Samfélagshlutverk háskóla. Skýrsla til Rannsóknastofu um
háskóla.*

Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson.

Starfsemi ríkisins í Norðausturkjördæmi.

Höfundar: Þóroddur Bjarnason prófessor og Jón Þorvaldur Heiðarsson lektor.

Viðhorfskönnun meðal nemenda HA vorönn 2011.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.



UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið rak bókasafn háskólans og annaðist sérsöfn eins og lista- og steinasöfn. Auk þess annaðist upplýsingasvið mál er snerta útgáfu á skýrslum og hvers kyns ritróðum á vegum deilda. Aðra umsjóu vegna útgáfumála háskólans annast Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.

Fastráðnir starfsmenn á sviðinu í árslok 2012 voru fjórir talsins í 3,5 stöðugildum, auk þess var einn starfsmaður í hálfu starfi vegna samstarfssamnings um bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum.

Starfsfólk bókasafnsins veitir m.a. ráðgjöf og aðstoð við upplýsingaleitir og leggur áherslu á að veita nemendum, starfsfólki háskólans og öðrum lánþegum faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið leggur áherslu á að bjóða aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og rafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans og hefur reynt að byggja bóka- og tímaritakost safnsins upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið skólans.

Hlutverk upplýsingasviðs er að annast kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi og veita notendum safnsins þannig markvissan aðgang að víðtækri þekkingu hvaðanæva að. Mikil áhersla hefur verið lögð á kennslu og þjálfun nemenda í upplýsingalæsi en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum. Fræðsla í upplýsingalæsi (kennslustundir í deildum og námskeið fyrir nemendur og starfsfólk) fór samtals fram í 54 kennslustundum á árinu. Námskeið og kynningar fyrir starfsfólk HA fóru fram í tengslum við fræðsluáætlun HA í samstarfi við gæðastjóra.

Á bókasafni er starfrækt kennslugagnasafn sem er ætlað að þjóna jöfnum höndum nemendum og kennurum kennaradeildar Háskólans á Akureyri og grunnskóla- og leikskólakennurum á Norðurlandi eystra. Safninu berast samkvæmt samningi eintök alls efnis sem út kemur á vegum Námsgagnastofnunar.

Forstöðumaður upplýsingasviðs situr í verkefnisstjórn Skemmannar, sem er rafrænt gagnasafn (digital repository) þar sem geymd eru lokaverkefni nemenda og einnig rannsóknarit kennara og fræðimanna. Skemman er samvinnuverkefni allra háskólanna í landinu og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem um hýsingu og rekstur gagnasafnsins.

Forstöðumaður sviðsins er einnig fulltrúi HA í samráðshópi um ritstuldarvarnir en allir háskólar Íslands hafa haft samstarf um

málefnið frá haustinu 2011 og á árinu unnið að innleiðingu á Turnitin (www.turnitin.com) hugbúnaðinum sem hefur það meginmarkmið að koma í veg fyrir ritstuld.

Í nóvember 2012 tók upplýsingasvið þátt í veglegri afmælis dagskrá rektors- og háskólaskrifstofu í tilefni af 25 ára afmæli háskólans. Meðal annars var haldið málþing um Opinn aðgang og ljósmyndasýning á verkum Bernhard's (Benna) Valssonar opnuð á bókasafni. Fleiri listsýningar eftir innlenda og erlenda listamenn voru haldnar í tilefni afmælisársins en góð aðstaða til sýningarhalds er á bókasafninu.

Á árinu barst bókasafninu vegleg bókaþjón frá Héraðsdómi Norðurlands eystra, þar á meðal eru Alþingistíðindi og Hæstaréttardómar.



Róska K. Júlíusdóttir leiðir skoðunarferð háskólans á afmælishátíð 2. september, hér í bókasafninu. Upplýsingasvið heldur utan um skrá yfir listaverkakeign skólans



Nýnemar haustið 2012 í bókasafnskynningu.



FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – FSHA



Starfsárið einkenndist af aukinni hagsmunabaráttu, aðlögun að nýju skipulagi félagsins og þeirri miklu samheldni sem ríkir innan félagsins. Félagið hefur unnið hörðum höndum að auknu samstarfi við stúdentahreyfingar íslensku háskólanna og lagði það grunn að auknu alþjóðasamstarfi. Framkvæmdastjórn FSHA hélt ótraud áfram með það markmið félagsins að starfa fyrst og fremst sem hagsmunafélag í þágu stúdenta. Samskipti við yfirstjórn háskólans voru mjög góð á starfsárinu.

Höfuðborg, skrifstofa félagsins

Skrifstofan í G-húsi ber heitið Höfuðborg og er opin alla virka daga. Á skrifstofunni fá stúdentar aðstoð í þeim ágreiningsmálum sem upp kunna að koma innan háskólans. Þar er að finna almennar upplýsingar um rétt stúdenta sem og almennar upplýsingar um starfsemi félagsins og deildarfélaganna sögu þeirra og sitthvað fleira.

Skólaárið 2012-2013 starfaði stúdentaráð í fyrsta skipti í sögu félagsins. Það er skipað 11 fulltrúum: framkvæmdastjórn, formönnum undirfélaganna auk fulltrúa stúdenta í háskólaráði sem og varafulltrúa hans. Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra.

Stúdentaráð veturinn 2012-2013 skipa:

Leifur Guðni Grétarsson, formaður

Justyna Wróblewska, varaformaður

Jóhann Gunnar Kristjánsson, fjármálastjóri

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, aðalfulltrúi í háskólaráði

Aníta Einarsdóttir, varafulltrúi í háskólaráði

Bryndís Bjarnadóttir, formaður Eirar

Jóhann Skúli Björnsson, formaður Kumpána

Heike Viktoría Kristínardóttir, formaður Magister

Georg Helgi Hjartarson, formaður Reka

Anna María Guðmundsdóttir, forseti Stafnbúa

Birgir Marteinsson, formaður Þemis

Framkvæmdastjórn

Í fyrsta skipti í sögu félagsins starfaði framkvæmdastjórn. Hana skipa formaður, varaformaður og fjármálastjóri. Framkvæmdastjórn sér um daglegan rekstur félagsins, fjármál þess, umsjón með skrifstofu, samskipti við yfirstjórn, sem og utanaðkomandi aðila. Framkvæmdastjórn sér um að halda skrifstofu félagsins opinni fyrir stúdentum og daglegan rekstur hennar.

Embætti á vegum FSHA skipuðu:

Alþjóðafulltrúi: Ester Ósk Gestsdóttir Waage

Íþrótt- og fjölskyldufulltrúi: Arnar Óskar Egilsson fyrri hluta árs 2012 en Bjarki Freyr Brynjólfsson seinni hluta árs

Kynningarfulltrúi: Ásrún Þóra Björnsdóttir fyrri hluta árs en Hildur Brynjarsdóttir seinni hlutann

Skemmtanastjóri: Elín Birna Olsen Vigfúsdóttir

Upplýsingafulltrúi: Kolbrún Eva Ríkharðsdóttir

Helstu verkefni

Í október 2012 hélt FSHA, í samstarfi við Bologna sérfræðingana, mennta- og menningarmálaráðuneytið og verkefnasjóð Akureyrarbæjar, ráðstefnu stúdentahreyfinganna á Íslandi um gæðamál íslenskra háskóla. Ráðstefnan fór fram í HA og heppnaðist vel í alla staði. Hana sóttu fulltrúar allra stúdentahreyfinganna á Íslandi auk sérfræðinga á sviði gæðamála háskóla. Ráðstefnan hafði það að markmiði að fræða þátttakendur um menntastefnuna sem unnið er eftir í íslenskum háskólum þannig að stúdentar taki virkan þátt í starfinu innan skólanna.

Að lokinni ráðstefnunni funduðu stjórnir stúdentahreyfinganna um sameiginleg hagsmunamál. Skrifað var undir viljayfirlýsingu um stofnun alþjóðasamtaka stúdenta. Sameiginlegt stúdentaráð háskólanna með fulltrúa úr öllum stúdentahreyfingunum mun sækja um aðild að Evrópska stúdentaráðinu (e. European student's union eða ESU). Markmið ESU er að stuðla að og standa vörð um aukna fræðslu, félagslega, efnahagslega og menningarlega hagsmuni evrópskra stúdenta og að vera bakland þeirra í samskiptum við opinber yfirvöld. FSHA átti fulltrúa á stjórnarfundum ESU á Möltu. Með því fékkst ákveðin innsýn inn í starf ESU og samband norræna stúdentahreyfinga (s. Nordiskt Ordförande Möte, NOM).

Óskað var eftir umsögnum FSHA vegna fjögurra mála sem lágu fyrir Alþingi þetta starfsárið. FSHA vann umsagnirnar í miklu sambandi við Stúdentaráð Háskóla Íslands.

Ársskýrslu FSHA í fullri lengd með ársreikningum er að finna á heimasíðu félagsins, <http://www.fsha.is>



Stúdentaráð FSHA 2012-2013





FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um sumarvist er til 1. mars og fyrir vetrarvist 20. júní.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46 með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

Klettastíg með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993-1994,

Drekagil þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000,

Tröllagil með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004 og Kjalarsíðu með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jónas Steingrímsson. Í stjórn stofnunarinnar sátu Steinunn Aðalbjarnardóttir verkefnastjóri skipuð af háskólaráði HA, Halla Margrét Tryggvadóttir starfsmannastjóri skipuð af Akureyrarbæ, Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður skipaður af háskólaráði og Leifur Guðni Grétarsson og Ester Ósk Gestsdóttir Waage nemar, skipaðar af af FSHA. Vefslóð FÉSTA er www.festaha.is.



SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Símenntun Háskólans á Akureyri skal leitast við að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi. Þar sem Símenntun HA nýtur ekki fjárveitinga frá Alþingi þarf starfsemin að standa undir öllum útlögðum kostnaði sem af henni hlýst og taka tillit til samkeppnislaga. Þjónusta er lýtur að fjárhagslegum rekstri og húsnæði var keypt af háskólanum sem fyrr.

Eitt stöðugildi var hjá Símenntun við námskeiðahald á árinu sem var niðurskurður um fjórðung úr stöðugildi frá árinu áður.

svæðinu, en áhersla námsins er m.a. lögð á að samtvinnu stjórnun og samskiptafærni.

Á hausmisseri voru 33 mismunandi námskeið/nám skipulögð, af þeim voru 20 haldin. Starfsemi haustsins hófst samkvæmt venju með aðfaranámskeiðum í efnafræði, Excel, fjárhagsbókhalda og stærðfræði fyrir nýja háskólanemendur sem um 180 nemendur sóttu í staðar- og fjarkennslu víðs vegar um landið. Námskeið í suður-evrópskum tungumálum njóta mikilla vinsælda, ekki síst spænska. Þá hefur utanríkisráðuneyti Ítalíu styrkt ítölskukennslu við HA í mörg ár sem hefur gert nemendum mögulegt að stunda ítölskunám sér að kostnaðarlausu. Nám í Verkefnastjórnun-leiðtogaþjálfun hófst öðru sinni á haustinu.

Eins og undanfarin ár eru það fleiri konur en karlar sem sækja nám hjá Símenntun. Á árinu taldi nemendahópurinn um 525 konur en karlar voru um 220. Þátttakendur á námskeiðum eru á öllum aldri en fjölmennustu hóparnir eru á milli 35 og 55 ára. Framboð á fræðslu og afþreyingu fer sífellt vaxandi hér sem annars staðar og samkeppnin er því

mikil sem gerir kröfur um að framboð sé fjölbreytt og þjónustan góð og sveigjanleg.

Elín Margrét Hallgrímsdóttir, símenntunarstjóri

„Námskeið í suður-evrópskum tungumálum njóta mikilla vinsælda, ekki síst spænska. Þá hefur utanríkisráðuneyti Ítalíu styrkt ítölskukennslu við HA í mörg ár sem hefur gert nemendum mögulegt að stunda ítölskunám sér að kostnaðarlausu.“

Á vormisseri voru skipulögð 43 námskeið/nám, mismunandi að innihaldi og lengd, af þeim voru 29 haldin en hin féllu niður vegna ónógrar þátttöku þ.e. að þau stóðu ekki undir sér fjárhagslega og því ekki haldin. Þrátt fyrir það hlýst af þeim óhjákvæmilegur kostnaður vegna skipulagningar og auglýsinga.

Sem fyrr komu kennarar á námskeiðum víða að bæði frá háskólum svo og sérfræðingar úr atvinnulífinu. Samstarf var við ýmsar stofnanir um námskeið á ákveðnum sérsviðum, til dæmis Tölvumiðstöð fatlaðra og þekkingarmiðlun. Þá lauk 19 manna hópur námi í Verkefnastjórnun-leiðtogaþjálfun, sem notið hefur mikilla vinsælda undanfarin ár á höfuðborgar-



SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐIN VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – SHA

Meginmarkið SHA er öflun og miðlun upplýsinga á sviði sjávarútvegs milli skóla, stofnana og atvinnulífs og þannig að styðja við stefnu Háskólans á Akureyri í þeim efnum. Markmið miðstöðvarinnar eru ennfremur að styrkja forystuhlutverk HA á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi með eflingu hagnýtra rannsókna, verkefna og kennslu tengdri sjávarútvegi.

Miðstöðin hefur eitt stöðugildi og við það bætist starfsfólk sem er ráðið tímabundið fyrir rannsóknar- og verkefnastyrki. Starfsmenn eru því í hlutastarfi við SHA en sinna samhliða kennslu í sjávarútvegsfræðum við HA, eru í M.Sc. námi eða eru verkefnaráðnir til lengri eða skemmri tíma. Forstöðumaður SHA var Hreiðar Þór Valtýsson sem jafnframt er lektor við auðlindadeild HA. Auk hans störfuðu Bjarni Eiríksson, Hörður Sævaldsson, Anna Guðrún Árnadóttir og Dagný Rut Haraldsdóttir við miðstöðina á árinu 2012. Átta nemendur í sjávarútvegsfræðum unnu einnig að sumarverkefnum í samstarfi við miðstöðina. SHA starfar í nánú samstarfi við Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA, sem annast umsýslu varðandi verkefni og bókhald auk þess sem sérfræðingar RHA koma að vinnu við einstök verkefni.

Verkefni SHA árið 2012 voru:

- Háskólinn á Akureyri: Kennsla í ýmsum greinum í sjávarútvegsfræðináminu og kynning á því í ýmsum fjölmiðlum. Alþjóðlega sumarnámskeiðið „*Aquatic Ecology*“ var haldið í þriðja sinn í samstarfi við Turku University of Applied Sciences.
- Grunn- og framhaldsskólar: Kennsla á skólaskipinu Húna II. Fyrirlestrar í Menntaskólanum á Akureyri og Menntaskólanum á Tröllaskaga um sjávarnýtjar og lífríki sjávar.
- Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu Þjóðanna, UNU-FTP: Umsjón lokaverkefna, sérnámskeiðs í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og markaðssetningar á sjávarafurðum. Skipulagning vegna árlegrar tíu daga heimsóknar nemenda til Norðurlands. Vinnuferð til St. Lucia vegna námskeiðs í verkefnastjórnun þróunarverkefna.
- Upplýsingaveita um íslenskan sjávarútveg, (<http://www.fisheries.is>): Rekstur og ritstjórn vefgáttarinnar, verkefnið er unnið fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytið.
- Vistey - upplýsingagátt um lífríki sjávar í Eyjafirði, (www.vistey.is): Vefurinn var stofnsettur árið 2011 og er rekinn af SHA. Verkefnið var styrkt af Vaxtarsamningi Eyjafjarðar. Gefin var út skýrsla á árinu í samstarfi við Hafrannsóknastofnun með samantekt á rannsóknum á lífríki Eyjafjarðar. Samherji hf. veitti SHA og Erlendi Bogasyni atvinnukafara veglegan styrk til rannsókna á hverastrýtum í Eyjafirði.
- Verkefnamiðlunin (<http://www.verkefnamidlun.is/>): Vefsíðan var opnuð á árinu í samstarfi við Sjávarklasann ehf og aðra háskóla í landinu. Verkefnið var styrkt af Íslandsbanka

og AVS. Vefsíðan tengir saman nemendur og fyrirtæki í sjávarútvegstengdum greinum með því að fyrirtæki auglýsa eftir nemendum í verkefnavinnu.

- Skelrækt – hagsmunasamtök skelræktenda: Starfsmaður SHA vann fyrir samtökin á árinu. Miðstöðin tók einnig þátt í verkefni um söfnun kræklingalirfa í samstarfi við fjölda minni rannsóknarmiðstöðva í kringum landið. Verkefnið var styrkt af Verkefnasjóði sjávarútvegsins. SHA er einnig í samstarfi við nokkra kræklingaræktendur um tilraunaveiðar á báruskel og sandskel, farinn var einn rannsóknarleiðangur á árinu.
- Afli á Íslandsmiðum: Verkefnið er í samstarfi við University of British Columbia og fólst í því að safna saman og greina upplýsingar um allan afla á Íslandsmiðum.
- Becromal – Stöðumat umhverfismála: SHA og RHA unnu skýrslu fyrir Becromal á árinu þar sem greind voru áhrif frárennslis frá verksmiðjunni á lífríki sjávar.
- Nýting á sundmögum: Verkefnið var klárað á árinu og fólst í að þróa vinnsluaðferð á sundmögum til markaðssetningar í Kína og Hong Kong. Verkefnið var styrkt af AVS og var í samvinnu við Samherja hf.
- *Nordmarine*, fagnet um málefni strand- og hafsvæða á norðurlöndum: SHA leiðir fagnetið og er helsta verkefni þess nú að leiða samstarf háskóla á norðlægum slóðum sem eru með sjávarútvegstengt nám. Fyrsti fundurinn í þessu verkefni var haldinn í Tromsø í október. Fundinn sóttu fulltrúar frá háskólunum í Tromsø, Bodø, Turku, Þórshöfn í Færeyjum, St. Johns á Nýfundnalandi og Fairbanks í Alaska. Styrkir til þess verkefnis fengust hjá Norrænu ráðherranefndinni og samvinnusjóði á vegum norska og íslenska utanríkisráðuneytisins. Á vegum fagnetsins var einnig sóttur fundur PAME í Stokkhólmi í mars.
- *FAO - Price Linkages and Factors that Determine Prices and Margins throughout the Value-Chain*. Lokið var við alþjóðlegt verkefni sem fólst í greiningu á virðiskeðju íslensks sjávarútvegs.
- Kynningarefni fyrir fiskeldi Samherja hf. Gefin var út kynningarbók um fiskeldi Samherja hf á Íslandi. Hún er notuð til markaðssetningar á íslenski bleikju í Bandaríkjunum og á meginlandi Evrópu.
- Sumarverkefni nemenda: SHA vann með nemendum í sjávarútvegsfræðum að ýmsum verkefnum sumarið 2012. Bæði tengdist það verkefnum miðstöðvarinnar sem talin eru upp hér að ofan og einnig sjálfstæðum verkefnum að frumkvæði nemenda. Þau voru: vinnsla á hrognum úr villtum laxi, roðsnakk, fullvinnsla á lifur, þróun sjávarútvegsspils, undirbúningsvinna vegna Menntavítans (kynningarvefsíða um nám tengt sjávarútvegi) og samsetning þorskeinagrindar í samstarfi við Marel.
- Öflun styrkja til áframhaldandi verkefna.

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsmiðstöðina má finna á vefsíðu hennar, <http://www.sjavar.is>.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



FERÐAMÁLAÆTUR
ÍSLANDS

Árið 2012 hófst með væntingum um meiri umsvif og getu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála til að sinna þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til að efla þekkingu á íslenski ferðþjónustu. Þar kom til sérstök fjárveiting á fjárlögum Alþingis, 30 mkr. á ári í þrjú ár. Samhliða þessu ákvað Háskóli Íslands að auka sitt framlag úr tveimur í þrjár milljónir á ári.

Í ljósi þessa endurskoðaði stjórn RMF stefnumótun Rannsóknamiðstöðvar fyrir árin 2012-2017. Hér eru dregin saman meginmarkmið og árangursþættir stefnumörkunarinnar.

Meginmarkmið:

1. Blómleg nýsköpun á grunni rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.
2. Farsæl þróun ferðamála fyrir land og lýð á grunni rannsókna
3. Samræmd og skipulögð uppbygging sjálfbærrar ferðþjónustu

Árangursþættir að baki markmiðum eru þrjár:

1. Samhugur og samstarf í tengslaneti RMF frá 2012
2. Öflugt rannsóknahverfi í ferðamálum
3. Menntun, þekking og mannaúður

Uppfærða stefnumótun má finna á vef RMF, www.rmfi.is.

RMF opnaði skrifstofu í Reykjavík á haustdögum 2012. Formlegar starfsstöðvar RMF eru því orðnar tvær.

Starfsmenn árið 2012 voru:

Dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur

Hörður Barðdal, sumarstarfsmaður

Jón Gestur Helgason, verkefnastjóri.

Starfsmenn í Reykjavík voru:

Ása Margrét Einarsdóttir, sérfræðingur

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur

Dr. Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur.

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár: Auk þess hittist stjórn í kringum stefnumótunavinnu 10.-11. febrúar.

Í stjórn RMF árið 2012 áttu sæti:

Dr. Rögnvaldur Ólafsson (Háskóli Íslands), formaður stjórnar

Hjalti Jóhannesson (Háskólinn á Akureyri), varaformaður

Fjóla Björk Jónsdóttir (Háskólinn á Akureyri)

Dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir (Háskóli Íslands)

Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtök ferðþjónustunnar)

Dr. Kristina Tryselius (Hólaskóli), tók við á aðalfundi af Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur

Dr. Guðrún Helgadóttir (Hólaskóli), tók við haustið 2012 af Kristínu Tryselius

Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Rannsóknarverkefni ársins

Í kjölfar stefnumótunar var komið á fót verkefnasjóði. Veitt var fjármagni til fimm verkefna sem unnin skyldu á næstu þremur árum innan ramma hinnar nýju fjárveitingar.

Verkefni eru:

Verkefni	Tengiliður	Stofnun
Ferðþjónusta og jaðarsamfélög - áhrif og afleiðingar	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir	Háskólinn á Hólum
Þjóðhagslegur ávinningur ferðþjónustu	Edward H. Huijbens	RMF
Þolmörk ferðamennsku	Anna Dóra Sæþórsdóttir	Háskóli Íslands
Sustaining Tourism in Protected Areas in Iceland	Þorvarður Árnason	Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði
Ferðþjónusta í byggðum landsins	Lilja B. Rögnvaldsdóttir	Rannsóknasetur HÍ á Húsavík



Rannsóknarverkefni styrkt af Icelandair Group

Icelandair Group styrkir RMF um 5 milljónir á ári til þriggja ára gegnum Háskólann á Akureyri. Auglýst var eftir starfsmanni og hugmyndum að verkefnum. Fjórtán hæfir umsækjendur sendu tillögur að verkefnum. Til stendur að ráða einn starfsmann til þriggja ára.

Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi – pilot verkefni

Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu neðan hálandis-línu í Rangárþingi Ytra, Rangárþingi Eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Ásahreppi. Verkefnið er fjármagnað af Ferðamálastofu og hugsað til undirbúnings kortlagningar auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi öllu á tímabilinu 2011-2015. Verkefnið er unnið í samvinnu við Landmælingar Íslands.

Skemmtiskip við Íslandsstrendur

Verkefni í samvinnu við Cruise Iceland. Rannsókn á áhrifum af komu skemmtiskipa til Íslands. Markmiðið er að greina efnahagsáhrif af komu skemmtiskipa á hafnir landsins og áhrif gestakomu á þau samfélög, sem og áhrif skipakomu/gestakomu í hnattrænu samhengi.

Rural Tourism Transport – trans tourism

RMF leiðir verkefni á vegum Norðurlóðaáætlunar Evrópusambandsins um þróun sjálfbærra samgangna í þágu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum. Markmiðið er að þróa nýjungar í samgöngum fyrir svæði sem byggja afkomu sína á ferðaþjónustu að hluta eða öllu leyti. Er verkefnið unnið í samvinnu við Svía, Skota og Íra.

Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL).

Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL). Til grundvallar liggur það hvernig ferðamennska getur bætt heilsu og vellíðan manna með samlífi við auðlindir náttúru og sjálfbæra nýtingu vistkerfa. Um leið er reynt að leggja mat á virði slíkrar nýtingar. Klasi um heilsutengda ferðaþjónustu á Íslandi, Island of Health, tengist verkefninu sem er alþjóðlegt.

ICT Toolbox in the experience economy

Nýsköpunarmiðstöðinni (NICE) styrkir verkefnið sem snýst um það hvernig ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlóðum geta nýtt sér upplýsingatækni til þess að koma vörum sínum og þjónustu á framfæri. Þáttakendur eru frá Noregi, Danmörku og Finnlandi auk Íslands.

CEHTE: Challenges in Tourism and Hospitality Education

Rannsóknarmiðstöð ferðamála hlaut í lok árs 2012 14.000 EUR Leonardo ferðastyrk. Markmiðið er að miðla gagnkvæmt þekkingu um ferðamennsku og uppbyggingu hennar í þáttökulöndum sem auk Íslands eru Grikkland og Pólland. Sérstök áhersla er á heilsu og vellíðan.

Brottfararkönnun á Akureyrarflugvelli

Gerð var könnun meðal allra farþega með flugi Iceland Express til Kaupmannahafnar sumarið 2012, í samvinnu við ISAVIA, líkt og síðustu ár. Einnig voru allir farþegar með tengiflugi Icelandair til Keflavíkur spurðir. Tilgangurinn er að kanna ferðavenjur, neyslumynstur og upplifun þeirra erlendu gesta sem fara frá Íslandi um Akureyrarflugvöll og að kortleggja ferðamynstur þeirra um Norðurland.

Norðurlóðasamstarf

RMF er virkur þátttakandi í norðurlóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum með þátttöku í *International Polar Tourism Research Network (IPTRN)*. Netfang: www.rmfi.is

SAMNINGAR

Samningar

Í skránni hér á eftir er getið helstu samninga sem Háskólinn á Akureyri gerði á árinu. Fyrst er getið um samningsaðila, síðan eðli samningsins og loks dagsetningu undirskriftar. Auk þessa hafa deildir og svið gert fjölda samstarfssamninga, m.a. við erlendar stofnanir og háskóla.

Háskólinn á Akureyri og Völuspá, útgáfa.

Samningur um útgáfu 25 ára afmælisrits Háskólans á Akureyri. 3. apríl 2012.

Háskólinn á Akureyri og UPMC Sorbonne Universités.

Samstarfssamningur milli Háskólans á Akureyri og Université Pierre et Marie Curie. 22. maí 2012.

Háskólinn á Akureyri og Akureyrarbær.

Samningur um þjónustu við leik- og grunnskóla, rannsóknir og úttektir. 24. maí 2012.

Háskólinn á Akureyri og Icelandair Group.

Samstarfssamningur. 2. júní 2012.

Háskólinn á Akureyri og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samningur um kennslu og rannsóknir Háskólans á Akureyri 2012-2016. 4. júlí 2012.

Háskólinn á Akureyri og utanríkisráðuneytið.

Samningur um gestaprófessorsstöðu Nansen í norður-slóðafræðum. 7. ágúst 2012.

Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.

Samningur opinberra háskóla um samnýtingu á kennsluskyldu. 5. október 2012.

Háskólinn á Akureyri og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

Samningur um eflingu rannsókna við Háskólann á Akureyri. 18. október 2012.

Háskólinn á Akureyri og Félagsstofnun stúdents á Akureyri.

Samstarfssamningur. 29. október 2012.

Háskólinn á Akureyri og Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Samstarfssamningur. 6. nóvember 2012.

Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Samstarfssamningur vegna kennslu nemenda í iðjubjálfunarfræði. 26. nóvember 2012.

Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Rammasamningur um samstarf. 19. desember 2012.

Viljayfirlýsingar

Háskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga.

Viljayfirlýsing um samstarf vegna menntunar á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu. 28. ágúst 2012.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og Reykjavíkurborg.

Viljayfirlýsing um samstarf um MenntaMiðju. 5. október 2012.



STYRKIR

Í janúar var úthlutað styrkjum úr **Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri**. Alls bárust 22 umsóknir og úthlutað var kr. 12.626.000 til 18 umsækjenda. Eftirtaldir hlutu styrk:

Eva Halapi. Awareness, perception and attitudes on global climate change in young adult Icelanders (Climate Change, young adults, survey). Kr. 1.000.000.

Hermann Óskarsson o.fl. Þróun spurningalista til að meta viðhorf, notkun og kostnað við fæðubótarefni meðal eldra fólks á Íslandi. Kr. 210.000.

Hermína Gunnþórsdóttir. Kennarinn í skóla og samfélagi án aðgreiningar. Kr. 500.000.

Hilmar Þór Hilmarsson. How can private companies use the financial services and risk mitigation instrument offered by export credit agencies and international financial institutions in emerging markets (cases from the fisheries sector and the renewable energy sector). Kr. 440.000.

Hreiðar Þór Valtýsson. Greining á raunverulegum afla við Ísland frá 1950. Kr. 1.000.000.

Jóhann Örlýgsson. Frumuverksmiðjur (Hitakærar bakteríur). Kr. 1.000.000.

Kjartan Ólafsson. Þróun netávana meðal íslenskra ungmenna. Kr. 1.000.000.

Nikolai Gagunaswhili. Methods of data interpretation for precision physics at the Large Hadron Collider. Kr. 850.000.

Oddur Vilhelmsson. Kuldavirk líftækni úr norðlenskum jökulám. Kr. 1.000.000.

Rannveig Björnsdóttir. Umhverfisgreining (Metagenomics). Kr. 770.000.

Rannveig Björnsdóttir. Geithvönn- grunnur að heilsu. Kr. 500.000.

Rúnar Sigþórsson o.fl. Rannsókn á Byjendalæsi. Kr. 600.000.

Sigríður Halldórsdóttir. Eiginlegt samræðuping. Kr. 400.000.

Sigríður Halldórsdóttir. Reynsla einstaklinga með þunglyndi og kvíðaraskanir af sálrænum áföllum og áhrifum þeirra. Kr. 800.000.

Sigurður Kristinsson. Samfélagslegt hlutverk háskóla. Kr. 800.000.

Snæfríður Þóra Egilson. Þjónustua við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Kr. 656.000.

Sólveig Ása Árnadóttir. Mælingar á daglegri hreyfingu. Kr. 700.000.

Þorbjörg Jónsdóttir. Heilsutengd lífsgæði, langvinnir verkir og notkun og reynsla af heilbrigðisþjónustu í tengslum við langvinna verki. Kr. 400.000.

Þann 9. júní afhentu Hannes Karlsson, stjórnarformaður KEA og forseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, 3,7 milljónir króna úr Háskólasjóði KEA. Að þessu sinni voru veittir tíu rannsóknarstyrkir en nítján umsóknir bárust sjóðnum. Við úthlutun úr sjóðnum var horft til þess að verkefni tengist starfsemi skólans. Þetta var í tíunda sinn sem úthlutað var úr Háskólasjóði KEA.

Eftirtalin rannsóknarverkefni fengu styrk úr Háskólasjóði KEA:

Ársæll Már Arnarsson. Rannsókn á áhrifum æðavirkra efna á samdrátt slagæða í augnbotni með dual wire myograph tækni. Kr. 400.000.

Ása Guðmundardóttir og Heiða Kristín Jónsdóttir. Háskóli Ungva fólksins. Kr. 150.000.

Birgir Guðmundsson. Könnun á starfsháttum, starfsumhverfi og viðhorfum blaðamanna á íslenskum fréttamiðlum í alþjóðlegu samhengi. Kr. 300.000.

Brynhildur Þórarinsdóttir. Fjölskyldulestur vegna Barnabóka-seturs. Kr. 400.000.

Hermann Óskarsson. Félagsgerð Akureyrar frá 1785-2000, upphaf og þróun þéttbýlis, stéttaskiptingar, stjórn mála og atvinnulífs. Kr. 450.000.



Kristinn P. Magnússon. Tegundaerfðagreining blóðmáltíða mývargs. Kr. 400.000.

Markus Meckl. The knowledge of Icelandic by immigrants in Akureyri. Kr. 400.000.

Rúnar Sigþórsson. Rannsókn á byrjendalæsi. Kr. 400.000

Sigfríður Inga Karlsdóttir. Væntingar og upplifun kvenna af fæðingu með áherslu á sársauka og meðferð við sársauka. Kr. 250.000.

Póroddur Bjarnason. Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri. Kr. 400.000.

Viðurkenningar fyrir góðan námsárangur hlutu:

Erla Rut Jónsdóttir, viðskipta- og raunvísindasviði, kr. 50.000.

Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir, heilbrigðisvísindasviði, kr. 50.000.

Sólrún Dögg Baldursdóttir, hug- og félagsvísindasviði, kr. 50.000.

Á árinu hlutu eftirtaldir styrk úr verkefnasjóði Háskólans á Akureyri (styrkir frá Akureyrarbæ):

Arnar Egilsson. Heilsuefning í Háskólanum á Akureyri Kr. 100.000

Hafís Björg Hjálmarsson. 25 ára afmælis málþing viðskipta- og raunvísindasviðs. Kr. 100.000.

Póroddur Bjarnason. Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði 2012. Kr. 150.000

Oddur Vilhelmsson. Móttaka kennara og nemenda frá University of Reading. Kr. 100.000.

Kristinn P. Magnússon. Ráðstefna: Conservation Biology. Kr. 100.000.

Leifur Guðni Grétarsson. Ráðstefna um gæðamál í íslenskum háskólum fyrir stúdentahreyfingar íslensku háskólanna. Kr. 100.00.

Stjórn Rannís úthlutaði á árinu styrkjum til verkefna við Háskólann á Akureyri.

Styrkþegar úr Rannsóknasjóði Rannís á árinu voru:

Oddur Vilhelmsson. Örverubíóta Peltigera fléttna: skimun erfðamengjasafns, stýrð einangrun og líflandafræði. Kr. 6.075.000.

Nýsköpunarsjóður námsmanna.

Auður Filippusdóttir og *Hanna Rún Jóhannesdóttir.* Geithvönn – þróun markaðshæfra afurða með krabbameinshamlandi virkni. Kr. 680.000.

Herdís Anna Friðfinnsdóttir. Lestrarvenjur ungra bókaorma. Kr. 510.000.

Snorri Halldórsson og *Reynir Friðriksson.* Poppað roð snakk. Kr. 1.530.000.

Margrét Eva Ásgeirsdóttir. Vinnsla fitu og ómega-3 úr kald-sjávarþörungum. Kr. 1.020.000.

EITT OG ANNAD – AFMÆLISHÁTÍÐ 2. SEPTEMBER

Formlegur stofndagur Háskólans á Akureyri er 5. september 1987. Sunnudaginn 2. september var haldin vegleg afmælishátíð í húskynnum háskólans. Boðið var upp á afmæliskaffi og dagskrá. Starfsemi skólans var kynnt á margvíslegan hátt úti og inni. Fjöldi góðra gesta á öllum aldri heimsótti háskólann.



Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson ávarpaði gesti á sviðinu í fagurlega skreyttri Miðborg.



Hér má m.a. sjá Sigþór Pétursson, Þóri Sigurðsson, Steingrím Jónsson og Sigurð Kristinsson.



Sverrir Hermannsson fyrrv. menntamálaráðherra og Ragnhildur Sverrisdóttir heilsa upp á Árbóru Ágústsdóttur og Þorstein Gunnarsson fyrrv. rektor.



Við handriðið í Miðborg, f.v. Leifur Guðni Grétarsson, Elías Óskarsson, Agnes Eyfjörð, Lísa María Ragnarsdóttir og Gunnhildur Helgadóttir.



Einn velunnara háskólans og fyrrverandi menntamálaráðherra Tómas Ingi Ólrich og kona hans Nína Þórðardóttir.



F.v. Haraldur Sigurðsson fyrrv. bankafulltrúi, Ellen Pálsson og Sverrir Pálsson fyrrv. skólastjóri.



Vigdís Hjaltadóttir hjá Lostæti litur eftir veisluborðinu.



Dagmar Ýr Stefánsdóttir kynnti dagskráratridin.



Hvannðalsbræður spiluðu í Miðborg.



Litla Kompaníð í samstarfi við Leikfélag Akureyrar sýndi brot úr leikriti Sögu Jónsdóttur, *Borgarinnan*. Frá vinstri Fanney Valsdóttir, Stefán Guðlaugsson, Steingrímur Magnússon.

EITT OG ANNAD – AFMÆLISHÁTÍÐ 2. SEPTEMBER

Boðið var upp á vísindasmiðjur á Borgum og Sólborg og margs konar kynningar sem yngstu gestirnir tóku þátt í. Svo var hægt að leika sér um allan skólann.



Í verklegum stofum iðjubálfunar- og hjúkrunarfræði var opnað sjúkrahús og endurhæfing fyrir bangsa. Eins og sjá má var full nýting á legurýmum.



Guðrún Pálmadóttir er til taks.



Barnabókasetur gekkst fyrir sýningu á upphalds barnabókum. Brynhildur Þórarinsdóttir les fyrir unga gesti.



Myndlistasýning Ingu Bjarkar Harðardóttur var opnuð á bókasafni HA.



Stjörnuviki á skólalóðinni. Nokkrir starfsmenn á viðskipta- og raunvísindasviði eru áhugasamir um stjornfræði og eru þeir meðlimir í Stjarnvísindafélagi Íslands og félaginu Stjörnu-Odda. Gestum á afmælishátíðinni bauðst að skoða sólina og margir nýttu sér það.

EITT OG ANNAD – AFMÆLISHÁTÍÐ 2. SEPTEMBER

Á Borgum var afhjúpað málverk eftir listamanninn Guðrúnu Hörpu Örvarsdóttur en verkið var afmælisgjöf hennar til háskólans.



Á myndinni eru frá vinstri Guðrún Harpa Örvarsdóttir, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Stefán B. Sigurðsson rektor og Ólafur Ragnar Grímsson forseti.



Vísindin heilla, í anddyri Borga var vísindasýning fyrir alla fjölskylduna. Eva María Ingvadóttir kynnrir.



Úti í bliðunni voru grillaðar pylsur.



Hörður Kristinsson lék á harmonikku.



EITT OG ANNAÐ – MYNDIR FRÁ AFMÆLISÁRI

Viðburðir í tilefni af 25 ára afmæli háskólans settu mikinn svip á starfsemina árið 2012.

Háskólinn starfaði einnig samkvæmt venju árið 2012. Mikið var um málþing og ráðstefnur í húsakynnum skólans og einnig komu margar sendinefndir sem kynntu sér starfsemina.



Brautskráð frá Símenntun HA í janúar. Að þessu sinni voru útskrifaðir 20 nemendur eftir tveggja missera svæðisleiðsögunám á Norðurlandi. Fremst til hægri er Elin Margrét Hallgrímsdóttir símenntunarstjóri.



Þann 4. febrúar var stofnað Barnabókasetur sem er samstarfsverkefni HA, Amtsbókasafnsins á Akureyri, Minjasafnsins á Akureyri, Rithöfundasambands Íslands, SÍUNG, IBBY og FFÁS.

Frá vinstri Haraldur Þór Egilsson safnstjóri, Þorgrímur Þráinsson og Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundar, Stefán B. Sigurðsson rektor, Björg Sigurðardóttir forstöðumaður og Hólmkell Hreinsson amtsbókavörður.



Frá Háskóladeginum í Háskólabíói 18. febrúar. Kristín Baldvinsdóttir formaður stjórnar FSHA og Leifur Guðni Grétarsson verðandi formaður kynna námsframboðið.




Myndin er tekin eftir stjórnarskipti hjá FSHA 16. mars. Í fremstu röð má sjá framkvæmdastjórnina, fyrir miðju eru fulltrúarnir og í efstu röð eru þeir nemendur sem taka sæti í nefndum og ráðum.



Frá afmælishátíð FSHA 1. mars. Í Miðborg var haldinn nytjamaðaður og í boði voru kaffiveitingar. Við þetta tækifæri færði FSHA háskólanum að gjöf líkamsræktartæki sem eru staðsett í hreyfisal skólans.



Kaffisamsæti á Kaffi Hóli í mars í tilefni af afmælinu. Frá vinstri Daniel Freyr Jónsson, Jónína Sturludóttir, Hugrún Helgadóttir, Agnes Eyfjörð og Fjóla Björk Jónsdóttir.



Gestir frá heimskautarannsóknastofnun í Kína heimsóttu skólann 18. apríl. Með þeim á myndinni eru frá vinstri Þorsteinn Gunnarsson fv. rektor, Gunnlaugur Björnsson frá Raunvísindastofnun og Stefán B. Sigurðsson rektor.



Litadagur föstudaginn 13. apríl, rauður hópur. Frá vinstri Ólína Freysteinsdóttir, Hjalti Jóhannesson, Gunnhildur Helgadóttir, Sigrún Vesteinsdóttir, Ingibjörg Elíasdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Sóley Sigursveinsdóttir.



Ráðstefnan *Íslensk þjóðfélagsfræði* var haldin í HA 20. og 21. apríl. Það var í sjötta sinn sem ráðstefna um rannsóknir á íslensku þjóðfélagi er haldin. Á ráðstefnunni kynnti fjölbreyttur hópur rannsakenda niðurstoður sínar. F.v. Andrea S. Hjalmsdóttir og Kristín Dýrfjörð.



Viðskipta- og raunvísindasvið bauð upp á afmælissúpu í anddyri Borga þann 18. apríl. Rannveig Björnsdóttir eys súpunni og Kjartan Ólafsson hampar verðlaunum fyrir flest rétt svör í getraun.



Háskólinn hlaut Diploma Supplement Label- viðurkenningu sem afhent var við hátíðlega athöfn í Kaupmannahafnarháskóla 8. maí. Rúnar Gunnarsson alþjóðafulltrúi tók á móti fyrir hönd háskólans.

Viðurkenningin er trygging þess að viðaukar með brautskráningarskrifteinum frá HA eru samkvæmt fyrirmælum Evrópusambandsins. Viðurkenningin er háskólanum mikils virði.

EITT OG ANNAD – MYNDIR FRÁ AFMÆLISÁRI



Þann 11. maí var haldin í HA ráðstefnan *Birtingamyndir ofbeldis, afleiðingar og úr-ræði*. Ráðstefnustjóri var Sigurður Kristinsson forseti hug- og félagsvísindasviðs.



Frá afmælisveislu viðskipta- og raunvísindasviðs á Borgum 16. maí. frá vinstri Kristinn P. Magnússon, Ágúst Þór Árnason og Hans Kristján Guðmundsson.



Þann 22. maí var skrifað undir viljayfirlýsingu um samstarf um kennslu og rannsóknir milli HA og Université Pierre et Marie Curie í París. Jean-Charles Pomerol fyrrv. rektor og Stefán B. Sigurðsson rektor undirrituðu.



Ársfundur HA var haldinn 24. maí. Þar undirrituðu Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri og Stefán B. Sigurðsson rektor rammasamning um þjónustu HA við leik- og grunnskóla á Akureyri.



Þann 24. maí var haldin í HA ráðstefna um heilsuæfingu eldri borgara. Að henni stóðu ásamt HA Félag eldri borgara á Akureyri, Sjúkrahúsið og Heilsugæslustöðin á Akureyri, Akureyrarbær og ÍSÍ.



Vorhátíð starfsfólks HA var haldin 30. maí. Óskar Þór Vilhjálmsson stjórnaði útileikjum og slegið var upp grillveislu í innigarðinum. Veitt voru verðlaun fyrir þátttöku í átakinu *Hjólalá í vinnuna*. Liðið K-gangur átti flesta hjóladaga, flesta kílómetra samanlagt og þann liðsmann sem hjólaði lengst. Frá vinstri Bragi Guðmundsson, Jenný Gunnbjörnsdóttir, Sigríður Margrét Sigurðardóttir, Þóra Rósa Geirsdóttir, Trausti Þorsteinson, Birna María Svanbjörnsdóttir, Páll Björnsson.



Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri viðskipta- og raunvísindasviðs hlaut viðurkenningu háskólans á brautskráningu 2012 fyrir afburða frammistöðu í starfi. Rektor afhenti viðurkenninguna.



Sendiherra Ítalíu Antonio Bandini og kona hans, Consuelo Cappello Bandini, heim sóttu Háskólann á Akureyri 14. júní. Undanfarin misseri hefur verið kennd Ítalska við Símenntun Háskólans á Akureyri með stuðningi utanríkisráðuneytis Ítalíu. Frá vinstri: Antonio Bandini, Rúnar Gunnarsson alþjóðafulltrúi, Consuelo Cappello, Elín Margrét Hallgrímsdóttir símenntunarstjóri og Stefán B. Sigurðsson rektor.



Fjórtán nemendur útskrifuðust úr meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun frá Háskólasetri Vestfjarða, en HA ber ábyrgð á því námi samkvæmt samningi og nemendur brautskrást frá HA. Haldin var hátíð af þessu tilefni á Hrafnseyri þann 17. júní og tók rektor þátt í athöfninni.



Íslandsklukkan, útlitaverki Kristins E. Hrafnssonar, var hringt 150 sinnum þann 24. ágúst í tilefni af afmæli Akureyrar og Háskólans á Akureyri. Það var Alexandra Arnarsdóttir nýnemi á hug- og félagsvísindasviði sem hóf hringinguna en Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri sló síðasta tóninn. Hópur fólks úr háskólasamfélaginu og bæjarfélaginu hringdi klukkunni þar sem þessum merkilegu tímamótum var fagnað á táknrænan hátt.



Börn á leið á afmælishátíð Akureyrarbæjar í miðbænum. Þann 29. ágúst voru 150 ár síðan Akureyri fékk kaupstaðarréttindi.

EITT OG ANNAÐ – MYNDIR FRÁ AFMÆLISÁRI



Í ágúst var haldið alþjóðlegt námskeið í sjávarlíffræði við Sjávarútvegsmiðstöðina við HA. Hreiðar Þór Valtýsson forstöðumaður Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við HA og Hlynur Ármannsson útibússtjóri Hafró kenna nemendum frá Íslandi og Finnlandi fiskmerkingar og fiskmælingar.



Gunnar Óquist prófessor við Háskólann í Umeå og fyrrum fastaritari Konunglegu sænsku vísindaakademiunnar hélt öndvegisfyrirlestur í HA þann 11. september. Fjallaði hann um Nóbelsverðlaunin sem mælikvarða á gæði vísinda. Fleiri öndvegisfyrirlestur voru haldnir í háskólanum í tilefni af afmælisárinu.



Þann 28. ágúst var skrifað undir viljayfirlýsingu um samstarf vegna menntunar á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu milli HA og Menntaskólans á Tröllaskaga. Frá vinstri Anna María Jónsdóttir, sjávarútvegsfræðingur, Hreiðar Þór Valtýsson forstöðumaður, Stefán B. Sigurðsson rektor, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Ögmundur Knúttsson forseti viðskipta- og raunvísindasviðs.



Miðstöð skólaþróunar við HA stóð fyrir námstefnu um læsi á Alþjóðadegi læsis þann 8. september. Yfirskrifin var: *Lestur og læsi, að skapa merkingu og skilja læsi*. Rósa Guðrún Eggertsdóttir höfundur kennsluefnisins Byrjendalæsi er fyrir miðri mynd. Byrjendalæsi er ný nálgun í lestrarkennslu sem Rósa Guðrún hefur þróað í samstarfi við kennara í grunnskólum og samstarfsfólk sitt á miðstöð skólaþróunar. Aðferðinni hefur verið mjög vel tekið og mat á árangri sýnir góðar niðurstöður.



Leifur Guðni Grétarsson formaður stjórnar FSHA og Aníta Einarsdóttir á nýnnirétt- aðri skrifstofunni Höfuðborg. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 11-13.



Sprellmót FSHA var haldið 28. september og temað var Ofurhetjur. Keppt var í ýmsum óhefðbundnum íþróttagreinum svo sem gleraugnaleik, kappátti og stóladansi. Myndin er frá Ráðhústorgi.



Þann 5. september, á stofndegi háskólans, hélt starfsfólk upp á 25 ára afmælið. Guðmundur Heiðar Frímansson kynnti dagskrá sem fram fór á Kaffi Hóli. Framkvæmdir við fimmta áfanga bygginga voru hafnar, en það er um 750 m² skrifstofuálma með vinnuaðstöðu fyrir um 30 starfsmenn. Þennan dag var Blóðbankabíllinn staðsettur við HA og tók á móti öllum þeim sem vildu gefa blóð í tilefni dagsins.



EITT OG ANNAD – MYNDIR FRÁ AFMÆLISÁRI



Framkvæmdastjórnarfundur 18. október. Frá vinstri Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, Úlfar Hauksson forstjóri, Stefán B. Sigurðsson rektor, Sigurður Kristinnson forseti hug- og félagsvísindasviðs og Árun Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs. Ögmundur Knútsson forseti viðskipta- og raunvísindasviðs er einnig í framkvæmdastjórn.



Frá ársfundi *Nordlank* í október. Það er eitt af þremur Nordplus-samstarfsverkefnum sem hjúkrunarfræðideild er aðili að. Guðfinna Hallgrímsdóttir er fjórða frá vinstri.



Margt um manninn á árlegum alþjóðadegi HA í Miðborg 25. október. Þar fór fram kynning á möguleikum á skiptinámi og kennaraskiptum og erlendir skiptinemenndur við HA voru með kynningarbása þar sem þeir kynntu sitt heimaland. Alþjóðafulltrúi HA ræddi við gesti og gangandi um kosti skiptináms og kennara- og starfsmannaskipta. Þá var sett upp ljósmyndasýning í tilefni 25 ára afmælis Erasmus skiptiáætlunarinnar



FSHA stóð fyrir ráðstefnu um gæðamál háskóla, með áherslu á sjónarmið stúdenta, í hátíðarsal HA þann 6. október. Fulltrúar stúdentahreyfinga annarra íslenskra háskóla tóku þátt í ráðstefnunni.

Frá vinstri Anna Margrét Jakobsdóttir Hólaskóla, Sara Sigurðardóttir HÍ, Hanna Ragnheiður Ingadóttir Bifröst, Leifur Guðni Grétarsson HA, Viktoría Sigurðardóttir Lista-háskóla Íslands, Hrannar Smári Hilmarsson Landbúnaðarháskóli Íslands, Ebba Karen Garðarsdóttir HR.



Olympíuleikar FSHA voru haldnir í október. Leikarnir stóðu í nokkra daga og ver keppt í ýmsum greinum á lóð skólans í hádeginu og á kvöldin. Lokadagurinn fór fram í Íþróttahöllinni.



Frá heimsókn kanadíska sendiherrans Stewart Wheeler 16. nóvember. Sigurður Kristinsson staðgengill rektors og Rúnar Gunnarsson alþjóðafulltrúi.



HA- dagurinn 9. nóvember. Þá heimsóttu stúdentsefni á Norðurlandi háskólann og kynntu sér námsframboðið. Frá vinstri Arnar Yngvason leikskólakennari, Haraldur F. Gíslason formaður Félags leikskólakennara og Guðmundur Engilbertsson lektor.



Þann 26. nóvember undirrituðu rektor og Bjarni Jónasson forstjóri samstarfs-samning vegna kennslu nemenda í iðjupjálfunarfræði. Samningurinn kveður á um þátttöku Sjúkrahússins á Akureyri í kennslu og leiðsögn nemenda í iðjupjálfun á heilbrigðisvísindasviði HA. Aftar frá vinstri eru Kristjana Fenger formaður iðjupjálfunarfræðideildar, Sólrún Óladóttir aðjúnkt og Árun Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs, framfar eru Bjarni og Stefán B. Sigurðsson rektor.



Þann 30. nóvember voru haldnir í HA þrjú öndvegisfyrirlestrar um gæðamál háskóla á vegum gæðaráðs HA. Fyrirlestrunum var varpað út til nokkurra annarra háskóla. Fyrirlesararnir voru frá vinstri Poul Bartholomew frá Birmingham City Un., Nigel Courtney frá City Un. í London og Claus Nygaard frá CBS. Háskólinn hefur myndað góð tengsl við þessa menn sem allir eru mjög framarlega á sínu sviði og væntir góðs af því í framtíðinni.

EITT OG ANNAD – MYNDIR FRÁ AFMÆLISÁRI



Arngrímur Jóhannsson flugmaður hringdi Íslandsklukkunni tólf sinnum á fullveldishátíð háskólans 1. desember. Hér er hann ásamt Dagmar Ýr Stefánsdóttur og Stefáni B. Sigurðssyni.



Nemendur og starfsmenn tóku þátt í sparifatadegi í nóvember. Meðal þeirra voru Ingveldur Tryggvadóttir og Úlfar Hauksson í E-húsi. Starfsfólk E-húss sá um afmælishaldið þann mánuð.



Heilbrigðisvísindasvið hélt upp á Lúsiudaginn 13. desember að sænskum sið. Sólrún Óladóttir var Lúsía og þernur hennar hvítklæddar gengu um húsakynni skólans og sungu jólalög.




HA-kórinn söng við undirleik stjórnandans Valmars Völjaots í jólabóði starfsfólks í hátíðarsalnum þann 14. desember. Þetta var fyrsta starfsár kórsins. Í kórstjórn voru Gunnhildur Helgadóttir, Ingveldur Tryggvadóttir og Sigfríður Inga Karlsdóttir.



Einn af hápunktum afmælisársins var þegar Bragi Guðmundsson afhenti rektor fyrsta eintakið af ritinu Háskólinn á Akureyri 1987-2012. Afmælisrit. Það gerði hann í jólabóði starfsfólks í desember. Bragi er ritstjóri bókarinnar.

ÁRSREIKNINGUR 2012

Skipting kostnaðar



Pús. kr.


Kostnaðarslag	Prosent	Pús. kr.
Launagjöld	68,8%	1.210.254
Húsnæðiskostnaður	10,5%	185.076
Skrifstofu- og stjórnunarkostn.	3,7%	64.370
Funda- og ferðakostnaður	3,5%	62.165
Aðkeypt sérfræðipjónusta	4,3%	75.398
Annar rekstrarkostnaður	3,4%	59.005
Eignakaup	0,7%	12.421
Tilfærslur	5,1%	90.177
Samtals	100,0%	1.758.866

Rekstrarreikningur árið 2012

	2012	2011
Tekjur		
Innritunargjöld	103.290.179	75.765.723
Framlög og styrkir	121.771.915	139.664.274
Aðrar tekjur	<u>153.096.892</u>	<u>152.293.422</u>
	378.158.986	367.723.419
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	1.210.254.088	1.140.814.090
Húsnæðiskostnaður	185.075.803	200.498.995
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	64.369.601	63.886.711
Funda- og ferðakostnaður	62.164.731	64.625.853
Aðkeypt sérfræðipjónusta	75.398.488	76.113.071
Annar rekstrarkostnaður	59.005.310	65.162.663
Tilfærslur	<u>90.177.475</u>	<u>42.804.923</u>
	1.746.445.496	1.653.906.306
Eignakaup	<u>12.420.778</u>	<u>14.238.206</u>
	1.758.866.274	1.668.144.512
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur	(-1.380.707.288)	(-1.300.421.093)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	3.718.292	2.529.357
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	(-1.376.988.996)	(-1.297.891.736)
Ríkisframlag	<u>1.392.500.000</u>	<u>1.312.455.400</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>15.511.004</u>	<u>14.563.664</u>



Skipting tekna



		Þús. kr.
Innritunargjöld	5,8%	103.290
Aðrar tekjur	8,8%	156.815
Framlög	6,9%	121.772
Ríkisframlag	78,5%	1.392.500
Samtals	100,0%	1.774.377

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	2012	2011
Eignir		
Áhættufjármunir	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>
Eignarhlutir í félögum	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	102.987.654	83.611.210
Handbært fé	<u>151.240.633</u>	<u>117.246.989</u>
	<u>254.228.287</u>	<u>200.858.199</u>
Eignir alls	<u>268.228.287</u>	<u>214.858.199</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(35.984.766)	(50.548.430)
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>15.511.004</u>	<u>14.563.664</u>
Höfuðstóll	<u>(20.473.762)</u>	<u>(35.984.766)</u>
Eigið fé	<u>(20.473.762)</u>	<u>(35.984.766)</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	136.584.318	176.057.976
Fyrirfram innheimtar tekjur	56.433.974	21.197.679
Viðskiptaskuldir	<u>95.683.757</u>	<u>53.587.310</u>
Skuldir	<u>288.702.049</u>	<u>250.842.965</u>
Eigið fé og skuldir	<u>268.228.287</u>	<u>214.858.199</u>



BRAUTSKRÁNING 9. JÚNÍ 2012

Háskólinn á Akureyri brautskráði 284 kandiðata á háskólahátíð 9. júní. Af þessum hópi voru 91 sem stunduðu fjarnám fyrir milligöngu háskólasetra og símenntunarmiðstöðva, 63 sem stunduðu lotunám og 130 staðarnám. Flestir kandiðatar voru brautskráðir frá hug- og félagsvísindasviði eða 147. Frá heilbrigðisvísindasviði 72 en frá viðskipta- og raunvísindasviði brautskráðust 65 kandiðatar.

Brautskráning var sem hér segir:

B.S. próf í hjúkrunarfræði 39

B.S. próf í iðjupjálfunarfræði 20

Dipl.Sc. í heilbrigðisvísindum 6

M.S. próf í heilbrigðisvísindum 7

B.A. próf í fjölmiðlafræði 11

B.A. próf í nútímafræði 10

B.A. próf í samfélags- og hagþróunarfræði 2

B.A. próf í sálfræði 15

B.A. próf í þjóðfélagsfræði 6

B.Ed. próf í leikskólakennarafræði 20

B.Ed. próf í grunnskólakennarafræði 5

B.Ed. próf í kennarafræði 22

Kennslufræði til kennsluréttinda 10

Dipl.Ed. í menntunarfræði 8

M.Ed. próf í menntunarfræði 15

M.A. próf í menntunarfræði 1

B.A. próf í lögfræði 11

Diploma í heimskautarétti 2

M.L. próf í lögfræði 9

B.S. próf í líftækni 3

B.S. próf í sjávarútvegsfræði 2

B.S. próf í umhverfis- og orkufræði 3

M.S. próf í auðlindafræði 2

M.R.M. próf í haf- og strandsvæðastjórnun 14

B.S. próf í viðskiptafræði 37


M.S. próf í viðskiptafræði 4

Brautskráðir frá upphafi

Deild	2012	Samtals
Auðlindaeild		49
Félagsvísinda- og lagadeild	66	427
Heilbrigðisdeild	72	913
Kennaradeild	81	1.683
Viðskipta- og raunvísindadeild	65	462
Viðskipta-/Rekstrardeild		476
Sjávarútvegsdeild		96
Upplýsingatæknideild		32
Samtals	284	4.138



Brautskráðir 2012



BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS



Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, kæru kandiðatar, fyrrverandi rektor, ágætu gestir og samstarfsfólk.

Ég býð ykkur öll innilega velkomin til þessarar árlegu háskólahátíðar Háskólans á Akureyri.

Ég vil í upphafi beina orðum mínum sérstaklega til ykkar, kandiðatar, sem eruð að útskrifast hér í dag. Nú hafið þið náð þeim áfanga sem þið hafið stefnt að undanfarið ár og hér á eftir fáið þið staðfestingu á því að hafa lokið háskólagráðu. Þessa gráðu fáið þið frá háskóla sem hefur nú starfað í 25 ár, þ.e. í aldarfjórðung.

Háskólastarf á Norðurlandi á sér í raun mun lengri sögu. Ekki er vafi að það skólastarf sem Jón Ögmundsson biskup hóf á Hólum 1106 var háskólastarf þess tíma. Sá skóli starfaði með hléum í nær 700 ár.

Þróun æðri menntunar á Norðurlandi heldur síðan áfram með stofnun skóla á Möðruvöllum í Hörgárdal árið 1880 sem varð að Gagnfræðaskóla Akureyrar 1905 og síðan að Menntaskólanum á Akureyri 1930 þegar hann fékk leyfi til að útskrifa stúdenta. Háskólinn á Akureyri kemur svo inn í myndina 1987.

Oft var nokkur andstaða gegn þessari þróun og skólarnir hafa oft átt erfitt uppdráttar. Sem dæmi má nefna að þegar unnið var að undirbúningi stofnunar Menntaskólans á Akureyri, árið 1930, var haft eftir einum þingmanni, Bjarna Jónssyni frá Vogji, sem jafnframt var kennari við HÍ, að ef þetta væri látið eftir Norðlendingum myndu þeir eflaust heimta háskóla næst.

Og það gerðu þeir.

Nokkuð langur aðdragandi var að stofnun Háskólans á Akureyri og komu margir að því verkefni. Þar má fyrstan nefna Ingvar Gíslason alþingismann og síðar ráðherra. Hann lagði fram þingsályktunartillögur sem héldu málinu gangandi. Árið 1985 setti Akureyrarbær á laggirnar Háskólanefnd Akureyrar undir formennsku Tómasar Inga Olrích sem vann áfram að framgangi málsins. Síðan tók Sverrir Hermannsson við málinu þegar hann varð menntamálaráðherra og sigldi því í höfn. Sverrir réði síðan fyrsta rektor HA, Harald Bessason, sem þá var prófessor við Manitoba háskóla.

Háskólinn á Akureyri var svo settur í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn í Akureyrarkirkju 5. september 1987 og telst sá dagur stofndagur skólans. Um 30 nemendur hófu nám við skólann þetta haust í iðnrekstrarfræði og í hjúkrunarfræði.

Skólinn fékk inni fyrir starfsmenn í þáverandi húsnæði VMA við Þingvallastræti en kennslan fór fram í Íþróttahöllinni. Fyrsti hópurinn var síðan útskrifaður frá Háskólanum á Akureyri 16. júní 1989 en það voru 10 iðnrekstrarfræðingar.

Haraldur Bessason var rektor HA í sjö ár en Þorsteinn Gunnarsson tók við starfi rektors í september 1994. Þorsteinn sinnti því í 15 ár uns ég tók við í júlí 2009.

Á 20 ára afmælishátíð HA 2007 sagði þáverandi rektor Þorsteinn Gunnarsson;

„Sagan sýnir okkur að það var þörf fyrir öflugan háskóla á landsbyggðinni. Saga háskólans er saga sigurvegara sem hafa byggt upp öflugan háskóla frá grunni. Í þessu vinningsliði eru metnaðarfullir og mjög hæfir kennarar, samhent og óeigin-gjarnt starfslíð. Að ógleymdum þeim ágætu nemendum sem stundað hafa hér nám og þeim sem hafa brautskráðst héðan og hafa ekki síður mótað skólann.”

Þetta gildir enn í dag og hefur komið best í ljós síðustu árin þegar þetta sigurlið gerði okkur kleift að sigla gegnum kreppuna.

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi stofnun skólans 1987 en hann hefur síðan vaxið og dafnað og er nú með um 1.600 nemendur og um 180 starfsmenn.

En nú flytjum við okkur yfir í nútíðina og horfum til framtíðar. Háskólinn á Akureyri er á leiðinni út úr kreppunni og stefnir bjartsýnn inn í framtíðina sem sjálfstæður háskóli í góðu samstarfi við aðra háskóla innan lands sem utan.

Fyrir um tveim árum kom mennta- og menningarmálaráðuneytið fram með nýja stefnu í málefnum opinberra háskóla. Þeirri stefnu höfum við fylgt í samvinnu við Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum og ég tel að við höfum náð ótrúlega miklum árangri.

Má þar nefna að gerður hefur verið rammasamningur um samstarf opinberu háskólanna varðandi stöðþjónustu við nemendur og kennara, matskerfi háskólanna hefur verið samræmt, við erum þessa dagana að taka upp sameiginlegt grunnupplýsingakerfi og við höfum gert samning sem opnar dyr háskólanna til að auðvelda flæði nemenda milli þeirra.



Fyrir nokkrum dögum kom fram að menntamálaráðherra stefnir að því að efla þetta samstarfsnet háskólanna enn frekar næstu árin.

Við tökum þátt í þessari þróun af heilum hug en við munum alltaf hafa velferð og tækifæri nemenda okkar að leiðarljósi. Þessi mál eru og verða unnin á þann hátt að sjálfstæði Háskólans á Akureyri verði ekki skert heldur þvert á móti stefnum við að því að þróunin verði til að efla okkur og gera okkur kleift að útskrifa enn betur menntaða einstaklinga í framtíðinni.

Frelsi háskóla til að taka sínar eigin ákvarðanir er það sem gefur þeim þann sveigjanleika sem þeir þurfa til að takast á við breytingar í umhverfinu og taka við nýjum hlutverkum. Frelsið og sköpunarkraftur nýrrar hugsunar í háskólastarfinu skiptir þar mestu.

Í aukinni markaðsvæðingu háskólastarfsins er sérstaklega nauðsynlegt að varðveita þetta hlutverk háskóla, þ.e. frelsi til að skapa og iðka gagnrýna hugsun án þvingunar frá sérhagsmunum.

Þessir þættir koma skýrt fram í nýrri stefnu skólans til næstu fimm ára þ.e. fram til ársins 2017. Þessi stefna var kynnt á ársfundi skólans nú um miðjan maí. Unnið hefur verið að henni í nær eitt og hálf ár og að stefnumótunarvinnunni hafa komið allir starfshópar skólans, kennarar sem nemendur.

Í stefnunni setjum við rannsóknir og nýsköpun í fyrsta sæti í samhengi við eflingu náms og kennslu. Við stefnum m.a. að því að taka upp skipulagt doktorsnám við skólann. Það yrði þó einungis gert á völdum fræðasviðum þar sem Háskólinn á Akureyri skarar fram úr hvað varðar mannauð og reynslu.

